

SHALDOR
skoðun 12



Amma mús

Prjónaáhugi landsmanna blómstrar og nýlega var opnuð ný hannyrðaverslun sem heitir Amma mús.

allt 3



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald



FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

16. ágúst 2010 — 190. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Engin veisla

Einar Jóhannesson verður í Royal Albert Hall á sextugsafmælisdeginum.

tímamót 14

Hrása klámsöngleik

Söngleikur sem Óskar Eiríksson framleiðir fær góða dóma í Edinborg.

fólk 26



FH-íngar burstuðu KR

FH varð bikarmeistari eftir 4-0 stórsigur á KR-íngum.

íþróttir 20

veðrið í dag



SKÚRIR OG HELDUR KÓLNANDI

Í dag má búast við suðlægum áttum, víða 3-8 m/s en hvassara verður við SA-ströndina. Búast má við skúrum í flestum landshlutum, einkum SV-til. Hljást í innsveitum austanlands.

VEÐUR 4

Ráðherra vill innra eftirlit og rýmri heimildir lögreglu

Réttarfarsnefnd mun undirbúa heimildir til lögreglu til að rannsaka einstaklinga án þess að grunur sé um brot segir dómismálaráðherra. Jafnframt er í skoðun að koma upp innra eftirliti með störfum lögreglu.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan mun fá heimildir til að rannsaka einstaklinga án þess að grunur leiki á að þeir hafi framið eða ætli að fremja ákveðið brot nái fyrirætlanir Rögnu Árnadóttur, dóms- og mannréttindamálaráðherra, fram að ganga.

Ragna ætlar að fela réttarfarsnefnd að undirbúa tillögur um slíkar forvirkar rannsóknaraðferðir fyrir lögreglu, en hún viðurkennir að slíkar heimildir séu umdeildar.

„Sjálfr hef ég til þessa verið mikil efasemdamanneskja og talið að það ætti fremur að halda að sér höndum í þessum efnun heldur

en hitt,“ segir Ragna í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í dag. „En eftir að hafa fengið ákveðnar greiningar, upplýsingar og gögn, meðal annars um skipulagða glæpastarfsemi hér á landi, tel ég mér ekki stætt á öðru en að bregðast við,“ segir Ragna.

Hún segir að slíkum forvirkum rannsóknarheimildum verði að fylgja skýrt eftirlit. Hún sér fyrir sér að það verði í höndum þingnefndar eða sérstakrar deildar innan dómstóls, eða mögulega hvort tveggja.

Ragna segist jafnframt vera að skoða hvort ekki þurfi að koma á formlegu innra eftirliti

hjá lögreglu. Í dag metur ríkissaksóknari hvort lögregla hafi misbeitt valdi sínu, og sérstakt eftirlit er innan lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

„Ég tel að það verði að ganga mun lengra í þessum efnun, þannig að við höfum óháða einingu sem getur metið ýmis mál af þessum toga hjá lögreglu á landsvísu,“ segir Ragna.

„Það myndi vera liður í því eftirliti sem komið yrði á fót samhliða eftirliti á forvirkum rannsóknarheimildum, trúverðugt og virkt kerfi sem fylgdist með því að þessar heimildir yrðu ekki misnotaðar.“

- jss, bj / sjá síðu 10



BIKARMEISTARAR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Valskonur vorðu bikarmeistaratitlinn í fyrsta sinn í 22 ár þegar þær unnu 1-0 sigur á Stjörnunni í úrslitaleik VISA-bikars kvenna í gær. Hér fagna Valskonur sigrinum en þær eiga nú góða möguleika á að verða fyrsta kvennafótboltaárið í 27 ár til þess að vinna tvöfalt tvö ár í röð. **Sjá síðu 21**

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rúnar Rúnarsson flytur heim: Gerir kvikmynd í fullri lengd á Íslandi

FÓLK „Það má segja að ég sé pólitískur flóttamaður sem sneri heim og ætla ég núna að taka þátt í uppbyggingunni,“ segir Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðamaður. Hann er nýfluttur heim og hefur tökur á sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd í næsta mánuði. Myndin ber heitið Eldfjall en Rúnar var meðal annars tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmynd sína Síðasti bærinn árið 2006. Myndin verður frumsýnd næsta vor.



RÚNAR RÚNARSSON

- áþ / fólk sjá síðu 46

Svoona sterk



Gerber
Því lengi byr að fyrstu gerð

37 ára karlmaður var stunginn til bana í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags:

Umfangsmikil leit að morðingja

LÖGREGLUMÁL Enginn hafði verið handtekinn vegna morðs á 37 ára gömlum karlmanni þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Maðurinn fannst látinn af völdum stungusára á heimili sínu í Háabergi í Hafnarfirði um hádegis tíð í gær. Umfangsmikil rannsókn lögreglu stóð enn yfir í gærkvöldi. Vardist lögreglan allra fréttu af málinu og sagði rannsóknina á frumstigi.

Kona sem hefur aðgang að húsi mannsins kom að honum og lét lögreglu vita laust fyrir hádegi í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn myrtur með hnífi, að öllum líkindum aðfaranótt sunnudags, en mikið blóð var á staðnum. Nágrannar mannsins urðu einskis varir.

Lögreglumenn frá tæknideild lögreglu höfuðborgarsvæðisins, íklæddir hvítum samfestingum, fínkembdu hús hins látna og lóð hússins. Samkvæmt heimildum blaðsins leiddu vísbendingar rannsóknina jafnframt á aðra staði. Áfram verði unnið á vettvangi í dag. - hhs



VIÐ VETTIVANG GLÆPSINS Lögreglan við heimili mannsins sem stunginn var til bana í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

muundu
eftir
mjólkinni!



Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segir ástandið í Pakistan hræðilegt:

Þjóðir heims bregðist hratt við

PAKISTAN, AP Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segist aldrei hafa orðið vitni að neinu í líkingu við hörmungarnar í kjölfar flóðanna í Pakistan. Hann segir að þjóðir heims verði að bregðast hratt við og veita Pakistönunum alla þá aðstoð sem hugsast geti.

„Þetta hefur verið afar erfiður dagur fyrir mig,“ sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SD, við fréttamenn í Pakistan í gær eftir að hafa flogið yfir flóðasvæðin. „Ég mun aldrei gleyma þeirri eyðileggingu og þeim hörmungum sem ég varð vitni að í dag. Ég hef í gegnum



AÐSTOÐ Neyðarbirgðum var dreift meðal íbúa í Muzaffargarh í Mið-Pakistan í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tíðina séð afleiðingar margra náttúruhamfara um allan heim, en ekkert í líkingu við þetta.“

Ban heimsótti meðal annars Búrma eftir að fellibylur lagði landið í rúst í maí 2008, og fór til Sichuan-héraðs í Kína nokkrum dögum eftir jarðskjálftann í mars 2008.

Ban hvatti í gær alþjóðasamfélagið til að flýta neyðaraðstoð eins og kostur er. Talið er að um 20 milljónir hafi misst heimili sín í flóðunum, en um 170 milljónir búa í Pakistan. Flóðin byrjuðu fyrir um tveimur vikum og hafa náð til um fjórðungs landsins, aðallega í landbúnaðarhéraðum í miðju landsins.

- bj

Pýska konan sem leitað var:

Fannst látin

LÖGREGLUMÁL Ulrike Kimpfler, 46 ára þýska kona búsett í Borgarnesi, fannst látin á laugardagskvöldið. Menn frá björgunarsveitinni Brák fundu lík hennar í fjöru í Belgholtsnesi, um tíu kílómetra frá Borgarnesi, eftir að lögregla hafði ákveðið að stækka leitarsvæðið seinni partinn á laugardaginn.

Ulrike hafði verið saknað frá því á mánuðag, en hún fór gangandi af heimili sínu og skildi farsíma sinn eftir. Um 150 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni, þegar mest var.

Ulrike skilur eftir sig sambýlismann og uppkominn son.

- hls



Stefán, ertu fullur af áhyggjum?

„Já, ég er blindfullur af áhyggjum.“

Stefán Guðjónsson, rekstrarstjóri veitingahússins Einar Ben og framkvæmdastjóri vefsíðunnar www.smakkarinn.is, segir rök stjórnvalda fyrir hækkanði áfengisgjöldum út í hött. Sorglegt sé að sjá hvaða áhrif þau hafi á vinnmenningu landsins, sem sé í dag á sama stað og hún var fyrir átján árum.



LENTIR Fjölskyldur áhafnarmedlima tóku vel á móti þeim við komuna til landsins. Sigurjón Sigurgeirson flugvirki fékk dætur sínar, Birtu Ósk og Tinnu Karen, í fangið eftir lendinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Flugvél gæslunnar til Senegal: Kemur til landsins í október

UMHVERFISMÁL Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, kom hingað til lands í gærkvöldi, en vélin hefur nú stutta viðvöl hér á landi eftir mánaðarlangt verkefni við mengunareftirlit á Mexíkóflóa á vegum Bandarísku strandgæslunnar og BP-olíufélagsins.

Vélin fer áfram ásamt áhöfn til Dakar í Senegal um næstu helgi. Þar mun hún sinna ýmiskonar eftirliti fyrir landamærastofnun Evrópusambandsins, sem tekur vélin á leigu.

Hrafnhildur Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að TF-SIF sé væntanleg aftur hingað til lands snemma í október. Um svipað leyti komi varðskipið Ægir aftur hingað til lands, en skipið hefur verið leigt út til eftirlits á Miðjarðarhafi undanfarið.

- bj

KÍNA

Þjóðarsorg í Kína

Þjóðlíf í Kína lamaðist um stund í gær þegar efnt var til minningarathafnar um 1.200 fórnarlömb aurskriðanna í Kína í síðustu viku. Enn er nærri 500 manns að auki saknað.

Allt að 2 vikna bið eftir heimilislækni

Bið eftir tíma hjá lækni er afar misjöfn milli heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Heimilislæknar eru of fáir en ófullnægjandi er að biðtíminn skuli geta verið tvær vikur segir lækningarforstjóri.

HEILBRIGÐISMÁL Allt að tveggja vikna bið er eftir tíma hjá heimilislækni á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir, samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins. Íbúar í sumum hverfum komast strax að en aðrir geta þurft að bíða lengi.

Afar misjafnt er eftir heilsugæslustöðvum hversu lengi fólk þarf að bíða eftir því að fá tíma. Á nær helmingi heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu var ýmist enginn biðtími, eða sjúklingar gátu fengið tíma eftir einn virkan dag. Á öðrum stöðvum var biðtíminn níu eða tíu virkir dagar, eða um tvær vikur.

Í könnun Fréttablaðsins, sem gerð var síðastliðinn föstudag, var hringt í allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og kannað hvenær næst væri laus tími hjá einhverjum heimilislækni. Á fjórum heilsugæslustöðvum af sextán var biðtíminn lengri en ein vika, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Meðal biðtíminn var ríflega þrjár virkir dagar.

„Það er ófullnægjandi að biðtíminn skuli geta verið svona langur,“

Misjafn biðtími

Heilsugæslustöð	Biðtími*
Hlíðum	10 dagar
Miðbæ	9 dagar
Grafarvogji og Mjódd	7 dagar
Árbæ og Sólvangi	4 dagar
Efra-Breiðholti og Hvammi	3 dagar
Lágmúla	2 dagar
Efstaleiti, Glæsibæ og Mosfellsbæ	1 dagur
Firði, Garðabæ, Hamraborg og Seltjarnarnesi	Engin bið

*Biðtími mældur í virkum dögum frá því að tími er pantaður.

Heimild: Könnun Fréttablaðsins 13. ágúst 2010.



BIÐTÍMI Íbúar í sumum hverfum í Reykjavík þurfa að bíða lengi eftir tímum hjá heimilislæknum á meðan íbúar annarra hverfa, sem og í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar, geta fengið tíma fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Síðdegisvaktin opnar eftir sumarlokanir

Síðdegisvakt á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu opnar á nýjan leik í dag á þeim stöðvum þar sem vaktinni var lokað í sumar, og full þjónusta tekur nú við á þeim stöðvum þar sem þjónusta var skert, segir Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Lúðvík segir að nú standi til að kanna áhrifin af sumarlokunum og skerðingu á þjónustu. Niðurstöðu úr þeirri könnun er að vænta í haust.

segir Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hann segir að biðtíminn mælist yfirleitt minni í reglulegum könnunum sem heilsugæslan gerir á þjónustu. Lúðvík bendir á að yfirleitt geymi heilsugæslustöðvarnar einhverja lækna tíma fyrir sjúklinga sem ekki geti beiðið, og taka verði það með í reikninginn.

„Auðvitað vildi maður helst að biðtíminn væri sem stytur,“ segir Lúðvík. Hann segir það alltaf

vandamál þegar biðtíminn sé langur að nýting tímanna sé verri, enda gleymi fólk að mæta, eða því batni og gleymi að afpanta tímann.

„Það er grundvallarvandi hjá okkur að það eru of fáir læknar til að sinna heimilislækningum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Lúðvík. Sú staðreynd sé þekkt að hlutfallslega færri læknar séhæfi sig í heimilislækningum hér á landi en á nágrennalöndunum.

brjann@frettabladid.is

Höggvið að rötum mafiunnar:

Hald var lagt á tugi milljarða

ITALÍA, AP Lögreglan á Sikiley telur sig hafa höggvið að rötum fjármálaþyrftækis sem er tengt mafustarfsemi á svæðinu.

Lögreglan lagði hald á 800 milljónir evra eða 123 milljarða íslenskra króna í formi fasteigna og fyrirtækja, þar á meðal læknaströð fyrir krabbameinsjúka og fótballalið í Sikiley. Eigandi fjármálaþyrftækisins er Michele Aiello en hann var dæmdur í 15 og hálfis árs fangelsi fyrir tengsl við mafiuna, spillingu og fjársvik.

Lögreglan á Sikiley stendur í stórræðum þessa dagana eftir að saksóknarar heimtuðu að hún legði hald á eignir mafíunnar í kjölfar handtakna á mafíuföringjum.

- áp

Stríðsloka minnst í Japan:

Baðst afsökunar á þjáningum

JAPAN, AP Hvorki Naoto Kan forsætisráðherra né neinn ráðherra í ríkisstjórn hans lagði leið sína að minnismarki um japanskar stríðshetjur í gær, þegar þess var minnst að 65 ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Þetta er fráhrarf frá langri hefð japanskra ráðamanna, sem hafa jafnan heimsótt minnismarkið í Tókíó á þessum degi þrátt fyrir harða gagnrýni, enda er meðal annars verið að heiðra stríðsglæpamenn á borð við Hideki Tojo, fyrrverandi forsætisráðherra sem var tekinn af lífi 1948.

Þess í stað baðst Kan afsökunar á þeim þjáningum sem styrjöldin olli.

- gb



NAOTO KAN

Í það minnsta átta látnir og tólf slasaðir þegar kappakstursbíll valt yfir áhorfendur: Ökumaðurinn forðaði sér á hlaupum

BANDARÍKIN, AP Átta áhorfendur létust og tólf til viðbótar slösuðust þegar kappakstursbíll fór út af braut og hentist inn í hóp áhorfenda í eyðimerkur-kappakstri í Kaliforníu í Bandaríkjunum á laugardagskvöld.

„Það var ryk alls staðar, fólk óskrandi og hlaupandi,“ segir David Conklin ljósmyndari sem var á vettvangi þegar slysið varð.

„Þegar ég kom á vettvang sá ég að nokkrar manneskjur voru fastar undir bílnum. Það voru lík alls staðar,“ segir Conklin. „Ég sá konu með blæðandi höfuðsár sem lá í blóðpolli. Einhver annar var kraminn undir bílnum.“

Ökumann bílsins sakaði ekki, en hann þurfti að forða sér á hlaupum þegar reiðir áhorfendur fóru að grýta steinum í hann eftir að hann komst út úr bílnum.

Tugir þúsunda fylgjast með þessum kappakstri sem fram fer í Mojave-eyðimörkinni í Kaliforníu ár hvert. Engar girðingar skilja að gríðarlega öflugra torfærubíla sem keppa í kappakstrinum og áhorfendaskarann, þrátt fyrir að ekki sé ekið á vegum og bílarnir stökkvi oft langar vegalengdir



VALT Billinn sem hentist út í áhorfendaskarann valt yfir áhorfendurna. Honum var velt aftur á réttan kjöl til að ná fólk undan honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í brautinni. Áhorfendurnir sem létust og slösuðust voru flestir aðeins nokkra metra frá akstursleiðinni.

- bj

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

Sumarferðir

kynna með stolti nýjan áfangastað:



☆ Florida

St. Petersburg

VERÐ FRÁ

99.800 kr.

Flug og gisting í 8 nætur.



Árlega kemur fjöldi ferðamanna til sólarparadisarinnar St. Petersburg við Mexíkóflóa. Staðurinn er vinsæll áfangastaður hjá íbúum Norður-Ameríku og Evrópu. Borgin hefur verið nefnd „The Sunshine City“ eða „Sólarborgin“ enda eru skráðir sólardagar 360 á ári. Hótelin liggja við drifhvíta ströndina sem er einstaklega hrein og snyrtileg. Þar er fyrsta flokks aðstaða til sólbaða og sjósports. Hægt er að spreyta sig á seglbrettum, sjósleðum, svífa um í fallhlíf eða skella sér á sjóskíði. Skammt norður af St. Petersburg er borgin Tampa en þar er hinn vinsæli skemmti- og dýragarður Busch Garden. Fjöldi verslunarmiðstöðva er í nágrenni St. Petersburg með öllum vinsælustu verslunum N-Ameríku. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi!

FRÁBÆR
fjölskyldustaður!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

GENGIÐ 13.08.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	119,45	120,03
Sterlingspund	186,29	187,19
Evra	153,02	153,88
Dönsk króna	20,535	20,655
Norsk króna	19,285	19,399
Sænsk króna	16,125	16,219
Japanskt jen	1,3927	1,4009

SDR 180,62 181,70

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,7438

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Í BYKO Eldur kom upp í Byko í Kaupúni í Garðabæ aðfaranótt sunnudagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allt tiltækt slökkvilið á staðinn:

Eldur í Byko

ELDSVOÐI Allt tiltækt lið slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var sent að húsnæði Byko í Kaupúni í Garðabæ aðfaranótt sunnudags. Tilkynning um eld í húsinu barst skömmu fyrir klukkan fjögur. Ekki var mikinn eld að ræða en svo virðist sem kviknað hafi í kaffivél í mótuneyti starfsmanna.

Vel gekk að slökkva eldinn, en talsverður reykur barst um húsnæðið, meðal annars í verslunina. Ekki leit út fyrir að miklar skemmdir hefðu orðið á innanstokksmunum og húsnæðinu.

Kántrýhátíð á Skagaströnd:

Hátíðargestur bitinn til blóðs

LÖGREGLUMÁL Maður var bitinn til blóðs á veitingastaðnum í Kántrýbæ um helgina og var fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi til aðhlynnningar. Þetta var eitt af þeim málum sem komu upp á Kántrýhátíð á Skagaströnd um helgina, þar sem nokkuð var um pústra manna á milli, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Blönduósi.

Fullt var á tjaldstæðinu á Skagaströnd og mikið um að vera. Í gærmorgun voru allir bílar á leið úr bænum stöðvaðir og réttindi og ástand ökumanna yfirfarið. Nokkrir réttindalausir voru teknir, enginn fyrir ölvun en sumir reyndust rétt undir áfengismörkum og voru látnir bíða með að leggja af stað.

- hhs

Afstaða Bandaríkjaforseta til nýrrar mosku í New York vekur viðbrögð:

Sagður úr tengslum við fólk

BANDARÍKIN, AP Yfirlýsingar Baracks Obama Bandaríkjaforseta, um að hann hafi hreint ekkert að athuga við það að múslimar reisi sér mosku rétt hjá „Ground zero“, staðnum þar sem Tvíbúraturnarnir í New York stóðu, hafa vakið hörð viðbrögð sumra hægrimanna í Bandaríkjunum.

Þannig sagði John Comryn, öldungadeildarþingmaður Repúblikanaflokksins, að Obama væri úr tengslum við almenning í Bandaríkjunum. Kjósendur muni síðan kveða upp dóm sinn í næstu þingkosningum, sem verða haldnar í

nóvember. „Við þurfum öll að viðurkenna og virða þá viðkvæmni sem tengist uppbyggingunni á neðri hluta Manhattan,“ segði Obama í ræðu um þetta deilumál nú um helgina; „Ground zero er vissulega helgur staður.“

Á hinn bóginn trúir hann því, „sem borgari og sem forseti,“ að í Bandaríkjunum hafi múslimar sama rétt og aðrir til að stunda trú sína. „Og það felur í sér rétt til að byggja bænahús og félagsmiðstöð á einkalóð á neðri hluta Manhattan, í samræmi við lög og reglur staðarins.“

- gb



BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti segir múslima hafa sama rétt og aðra.

NORDICPHOTOS/AFP

Skógareldar í Portúgal:

600 slökkviliðsmenn á vakt

PORTÚGAL, AP 600 slökkviliðsmenn börðust í gær við að minnsta kosti 26 skógarelda sem geisa á þremur mismunandi landsvæðum í Portúgal. Eldarnir dreifðu sér hratt vegna vinda á svæðinu að sögn yfirvalda. Landsvæðin þar sem mestir eldar geisa eru í suðvesturhluta landsins, við spænsku landamærin og við þjóðgarðinn Serra da Estrela.

Skógareldar eru algengir í Portúgal á sumrin. Í ár eru um 10.000 slökkviliðsmenn og 56 flugvélar eru á bakvakt.

-áp

Heilbrigðisráðherra setur stjórn Sjúkratrygginga af

Öllum stjórnarmönnum í Sjúkratryggingum Íslands var skipt út í gær. Ráðherra virðist tortrygginn í garð stofnunarinnar segir fyrrum stjórnarformaður. Stofnunin færð nær ráðuneytinu segir heilbrigðisráðherra.

HEILBRIGÐISMÁL Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hefur sett af stjórn Sjúkratrygginga Íslands og skipað stofnuninni nýja stjórn sem alfarið er skipuð nýju fólki. Fráfarandi stjórnarformaður segir ráðherra tortrygginn í garð stofnunarinnar, en ráðherra segist vilja færa hana nær ráðuneytinu.

„Ég held að meginástæðan sé almenn óánægja [heilbrigðisráðherra] með þessa stofnun, og tortryggni í garð stofnunarinnar, eins og fram kom í vor þegar hún ætlaði að veita forstjóranum áminningu,“ segir Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður stofnunarinnar.

Spurður hvort þetta geti leitt til þess að forstjóranum verði vikið til hliðar segir Benedikt svo ekki vera. „En ég held að þetta sé ekki gert af neinum hlýhug í garð forstjórans.“

Stjórnin sem nú hefur verið sett af var skipuð nemma árs 2008 til að undirbúa stofnun Sjúkratrygginga Íslands, sem voru stofnaðar formlega haustið 2008. Stjórnarmönnum var tilkynnt það bréflaga um mánaðamótin að til stæði að skipa nýja stjórn. Ný stjórn með nýju fólki tók formlega við í gær.

Benedikt segir að ekki hafi verið ágreiningur milli stjórnarinnar og heilbrigðisráðherra. Það hafi þó verið ljóst að ráðherra hafi ekki verið sáttur við allar þeirra hugmyndir. Sjúkratryggingum Íslands var gert að spara verulega í kostnaði við þjónustu sérfræðilækna. Benedikt segir að stjórnin hafi lagt til að kostnaðarþáttaka sjúklinga, annarra en þeirra sem þurfi mikið að nota þjónustuna,

Ég held að þetta sé ekki gert af neinum hlýhug í garð forstjórans.

BENEDIKT JÓHANNESSON
FYRRVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR
SJÚKRATRYGGINGA ÍSLANDS

yrði aukin. Það hafi ráðherra ekki sætt sig við.

Álfheiður segir að stjórnin hafi verið skipuð til að undirbúa stofnun Sjúkratrygginga Íslands, áður en lög um stofnunina hafi verið sett. „Í þeim lögum eru ákvæði um skipan stjórnar, og það var talið eðlilegt að ganga frá því þannig að skipa stofnuninni stjórn í samræmi við lög,“ segir Álfheiður.

Dagný Brynjólfssdóttir, nýr stjórnarformaður stofnunarinnar, er deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu. Álfheiður segir það heppilegt, enda hafi hún með stjórnarskiptunum viljað tengja stofnunina betur við ráðuneytið.

Spurð hvers vegna enginn af þeim sem sæti áttu í undirbúningsskjórninni hafi verið beðinn um að sitja áfram segir Álfheiður að þar hafi verið um „eðlilega endurnýjun“ að ræða. Enginn trúnaðarbrestur eða ágreiningur hafi verið milli hennar og stjórnarinnar.

Upp kom deilumál síðasta vor þar sem Álfheiður ætlaði að áminna Steingrím Ara Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, en hætti við eftir að málið komst í hámaili. Álfheiður þvertur fyrir að stjórnarskiptin tengist því máli, enda sé því löngu lokið.

brjann@frettabladid.is



SKORIÐ Heilbrigðisráðherra mun ekki hafa verið sáttur við tillögu stjórnar Sjúkratrygginga Íslands um niðurskurð á kostnaði við sérfræðilækningar.

Stofnunin semur um heilbrigðisþjónustu

Sjúkratryggingar Íslands eru nýleg stofnun, sett á laggirnar með lögum þann 1. október 2008. Stofnuninni er ætlað að annast framkvæmd sjúkratrygginga og semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum.

Þá á stofnunin að hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Upphaflega stóð til að allt það fé sem ríkið veitir til heilbrigðisþjónustu færi í gegnum stofnunina, en svo virðist sem fallið hafi verið frá því.

VEÐURSPÁ




Soffía Sveinsdóttir
veður-
fréttamaður

BREYTINGAR í dag má búast við skúrum víðast hvar en það léttir heldur til með deginum, síst SV-til. Síðan mun sunnanáttin víkja fyrir norðlægum áttum. Þá léttir heldur til sunnanlands en þykkar upp og kólnar heldur á norðanverðu landinu.

Á MORGUN
Norðlægur áttir,
viða 3-8 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
Strekkingur V-til,
annars hægar.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	24°
Berlín	22°
Billund	23°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	24°
Kaupmannahöfn	24°
Las Palmas	23°
London	24°
Mallorca	28°
New York	30°
Orlando	33°
Ósló	22°
París	19°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

kostur
Spörum og njótum lífsins

Opið
alla daga
10-20

Já
takk

Hakk á
tilboði á
mánudögum

Kostur
Nautahakk

699 kr/kg

Verð áður: 995 kr/kg

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

Gildir meðan birgðir endast

*Aðeins 4
bakkar
á kórtu



Prentaðu út ritgerðir fyrir skólann.

Prentaðu út ljósmyndir fyrir heimilið.

PIXMA prentarar eru frábærir til að prenta út ljósmyndir í hámarks gæðum. PIXMA henta einnig vel fyrir skólann og skrifstofuna til að prenta út ritgerðir, skýrslur o.s.frv.

Með PIXMA getur þú líka ljósritað og skannað, jafnvel sent fax, og verið með hann þráðlausan (Wi-Fi) þannig að fleiri en þú, hvort sem er á heimilinu eða skrifstofunni, geta haft aðgang að þínum PIXMA fjölnota prentara.

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook



PIXMA iP2700

- Hágæða ljósmyndaprentun og framúrskarandi skjalaprentun.
- Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
- Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
- Sniðugir eiginleikar og hugbúnaður.
- Fallegar myndir sem endast lengi.
- Flott hönnun - Tekur lítið pláss.

Tilboðsverð aðeins 8.900 kr.



PIXMA iP3600

- Framúrskarandi hágæða útprintanir.
- Sérstakt svart blek fyrir myndir.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Myndir endast í allt að 300 ár með Canon bleki & pappír.
- Tveir pappírshöfnar, PictBridge tengi.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.

Tilboðsverð aðeins 13.900 kr.



PIXMA MP550

- Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
- Skannaðu með 2400dpi skanna.

Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.



PIXMA MP560

- Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
- Vertu þráðlaus - Wi-Fi.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
- Skannaðu með 2400dpi skanna.

Tilboðsverð aðeins 29.900 kr.



PIXMA MX340

- Fjögur tæki í einu & Wi-Fi.
- Tilvalinn á skrifstofuna.
- Hraðvirkt fax - 33.6kbps Super G3.
- Hægt að vista fíx á USB lykil.
- 30 blaða frumritamatari (ADF).
- Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
- Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.

Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.

Canon

you can

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Tölvutek, Borgartúni 31 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langhóltsvegi 84 - Myndval, Mjódd / Akureyri Pedromyndir - A4 - Tölvutek / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hránnarbúðin / Stykkishólmur Skípavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is

KJÖRKASSINN



Styður þú kröfur sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanna í kjaradeilu þeirra?

JÁ 72,7%
NEI 27,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Gylfi Magnússon að segja af sér sem efnahags- og viðskiptaráðherra?

Segðu þína skoðun á vísir



6

Uppbygging eftir jarðskjálftann í Haítí hefur gengið afar hægt fyrir sig:

Vanhæfum forseta kennt um

HAÍTÍ, AP Bandaríska rannsóknarstofnunin RAND dregur upp ófagra mynd af ástandinu á Haítí, rúmu hálfu ári eftir að jarðskjálftinn mikli reið þar yfir.

Í nýtkominni skýrslu stofnunarinnar segir að þótt neyðarhjálp hafi borist óvenju skjótt hafi uppbyggingarstarf í kjölfar jarðskjálftans gengið afar hægt fyrir sig. Meðal annars hafi lítið miðað í hreinsunarstarfi og margar mikilvægar ákvarðanir hafi beðið alltof lengi.

Í skýrslunni er farið yfir alvarlegar brotalamir í samfélaginu á Haítí, sem margar hverjar voru til staðar

löngu fyrir jarðskjálftann. Þar á meðal er talað um óhæfa starfsmenn hins opinbera, almennt virðingarleysi fyrir lögnum, hryllileg fangelsi, vanhæfa lögreglu og erfitt viðskiptaumhverfi.

Áður hefur meðal annars utanríkismálanefnd Bandaríkjaþings sagt Rene Preval, forseta Haítí, vera afkastalítt leiðtoga sem hafi tafið fyrir uppbyggingu samfélagsins í kjölfar jarðskjálftans.

„Preval vill vel, en hann er óákveðinn að eðlisfari,“ segir James Dobbins frá RAND. „Við erum að horfa upp á afleiðingar þess.“ - gb



ÓSÁTTIR ÍBÚAR Á fimmtudaginn efndi hópúr íbúa til mótmæla fyrir utan forsetahöllina í Port-au-Prince. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar í Rússlandi:

Eiturgufur blossa upp

RÚSSLAND, AP Eiturgufur sem fylgt hafa skógareldunum í Rússlandi undanfarið blossuðu aftur upp í Moskvu í gær. Loftið í borginni er talið vera eitrað vegna mikils kolsýrings í loftinu sem mældist í gær fimm sinnum hærrí en viðmiðunarmörk eru.

Skógareldarnir í Rússlandi hafa valdið miklu tjóni. Uppsæra bænda í mið- og vesturluta landsins hefur eyðilagst, 50 hafa látið lífið og yfir 2.000 heimili skemmst. Sumarið 2010 er það heitasta í Rússlandi í 130 ár. - áþ



Söguganga í Laugardal

Það upphaf hitaveitu. Gengið verður um orkusöguslóðir: Laugardalur-Bolholt-Fúlatjörn. Gangan hefst þriðjudaginn 17. ágúst við Þvottalaugarnar kl. 19:30. Leiðsögumaður er Stefán Pálsson, sagnfræðingur.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur ríðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Sparisjóðabanki Íslands hf.

Fundur með kröfuhöfum og framhald greiðslustöðvunar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 2009 var Sparisjóðabanka Íslands hf. kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, Reykjavík, veitt heimild til greiðslustöðvunar, sem hefur verið framlengd til 15. september 2010. Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði bankanum slitastjórn þann 19. maí 2009 sem hefur meðal annars með höndum meðferð krafna hendur bankanum meðan greiðslustöðvun og slitameðferð stendur.

Frestdagur er 15. desember 2008 en upphafsdagur kröfumeðferðar miðast við 22. apríl 2009.

Með innköllun er birtist fyrst í Lögbirtingablaði þann 3. júní 2009 var skorað á alla þá sem telja til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur Sparisjóðabanka Íslands hf. eða eigna í umráðum bankans að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir slitastjórn bankans. Kröfúlýsingarfrestur rann út þann 3. nóvember 2009.

Framhalds-kröfuhafafundur verður haldinn í fundarsal Sparisjóðabanka Íslands hf. að Rauðarárstíg 27, 2. hæð, Reykjavík, þriðjudaginn 7. september 2010 kl. 10.00. Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum.

Á fundinum verður fjallað um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar. Uppfærð skrá um lýstar kröfur verður aðgengileg þeim sem lýst hafa kröfum á hendur bankanum að minnsta kosti viku fyrir framangreindan fund.

Á fundinum verður einnig kynnt eigna – og skuldastaða bankans og leitað afstöðu kröfuhafa til áframhaldandi greiðslustöðvunar sbr. 18. gr. laga nr. 19/1991. Þinghald um heimild Sparisjóðabanka Íslands hf. til áframhaldandi greiðslustöðvunar verður háð í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, miðvikudaginn 15. september 2010 kl. 13.30.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu bankans, www.sparisjoda-bankinn.is

Reykjavík 11. ágúst 2010

Fyrir hönd slitastjórnar og skilanefndar Sparisjóðabanka Íslands hf.

Tómas Jónsson hrl.
aðstoðarmaður í greiðslustöðvun Sparisjóðabanka Íslands hf.

LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

Krefja Gylfa frekari svara um lánamálin

Óvissa um lögmæti lánanna hefði átt að endurspeglast í samningi um kaup ríkisins á Landsbankanum, segir þingmaður Samfylkingar. Ótímabærar vangaveltur, segir fjármálaráðherra: „Það verða aðrir spráðabassar að æfa sig í því.“

STJÓRNMÁL „Frá mínum bæjardyrum séð skiptir mestu að fá svör við því hvaða upplýsingar lágu fyrir þegar gengið var frá uppskiptingu gömlu ríkisbankanna. Hvernig menn voru undirbúnir þar,“ segir Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingar og varaformaður viðskiptanefndar Alþingis.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



MAGNÚS ORRI SCHRAM

Þingflokkur Samfylkingarinnar fær Gylfa Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, á sinn fund í dag til að fara yfir óvissuna um lögmæti gengistryggðra lána og svör hans við fyrirspurn um þau á þingi síðastliðið sumar, sem hávær umræða hefur verið um í þjóðfélaginu síðustu daga. Að mati Magnúsar Orra hefur Gylfi útskýrt nægilega sína hlið málsins og beðist afsökunar á óskýrleika. „Ef menn biðjast afsökunar, þá skilur maður það. Þetta stendur hins vegar eftir og er stóra málið núna,“ segir Magnús, og vísar þar til samninga um kaup ríkisins á eignarhlut í viðskiptabönkunum þremur, sem urðu til þess að ríkið eignaðist í lok síðasta árs 81 prósent í Landsbanka, 13 prósent í Arion banka og fimm prósent í Íslandsbanka.



GYLFI MAGNÚSSON Situr fyrir svörum á fundi þingflokks Samfylkingar í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ

„Það var vitað að um lögmæti þessara lána var deilt, og þessi óvissa hefði átt að endurspeglast í samningnum. Þetta getur skipt okkur verulegu máli, sérstaklega hvað varðar Landsbankann,“ segir Magnús Orri.

Það var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sem stjórnaði samningaviðræðum um uppgjör bankanna. Hann segir algerlega ótímabært að vera með vangaveltur um áhrif óvissu um lánasöfn bankanna á samningana við ríkið: „Það verða einhverjir aðrir spráðabassar að æfa sig í því. Þarna eru miklir hagsmunir í húfi.“

Steingrímur segir að niðurstaða samninganna verði bara

að fá að tala sínu máli. „Hún var að mínu mati ríkinu hagstæð og þýddi að ríkið batt í þetta miklu minna fé en upphaflega stóð til. Í öðru lagi held ég að aðferðin sem notuð var sanni gildi sitt í þessu, að það er slegið hring utan um ákveðna óvissu í eignamatinu eins og í tilviki Landsbankans. Í þriðja lagi er of snemmt að segja nákvæmlega til um það hvort og í hve miklum mæli þetta hefur áhrif vegna þess að við erum ekki komin með endanlega niðurstöðu dómstóla um það hvernig með þessi lán verði farið, og við erum heldur ekki komin með endanlega niðurstöðu í því hversu víðtækt umfangið verður.“

gudsteinn@frettabladid.is

Persónuvernd amast ekki við því að ökuritar séu í bílum verslunarinnar Würth:

Mega fylgjast með akstrinum

PERSÓNUPERND Heimilt er að fylgjast með akstri og staðsetningu bíla verslunarinnar Würth með ökuritum svo framarlega sem það er bara gert á vinnutíma, samkvæmt úrskurði Persónuverndar.

Starfsmaður hjá Würth kvartaði yfir notkun ökurita í bílum fyrirtækisins, en með þeim má meðal annars sjá hvar bílarnir eru staðsettir hvenær sem er sólarhringsins. Starfsmaðurinn taldi slíka vöktun óeðlilega, enda starfsmönnum sem hafa bíla til afnota heimilt að fara heim á bílunum og hafa þá til einknota utan vinnutíma.

Í rökstuðningi Würth kemur fram að fyrirtækið vilji eingöngu fylgjast með notkun bílanna á vinnutíma, í þeim tilgangi að ná fram hagræðingu. Það megi gera með því að sjá hvernig bílarnir séu notaðir, og út frá því skipuleggja ferðir milli fyrirtækja sem starfsmenn þurfi að heimsækja.

Persónuvernd taldi Würth hafa sýnt fram á að tilgangurinn með notkun ökuritanna væri málefnalegur og bryti ekki gegn frelsi starfsmannanna, enda nái vöktun eingöngu til þess tíma sem starfsmennirnir séu í vinnunni.



VERSLUN Ökuritar sem settir hafa verið í bíla verslunarinnar Würth brjóta ekki gegn hagsmunum starfsmannanna að mati Persónuverndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA REKKJUNNAR

40% AFSLÁTTUR!
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
NÚ 95.671 kr.

30-70% AFSLATTUR!



30% AFSLATTUR!



ERGOMOTION
með þrýstjöfnunardýnum (2x97x203)

FRÁ 352.589 kr.

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgafi og annar fyrir fótgafi.
- Öll tannhjól og lídamót eru úr hágeða nælóni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.

- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- Fánleg með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaröfa.
- 20 ára ábyrgð á mótóru og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpsendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið færst niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og axlir.
- 4 gerðir af dýnum með mismunandi uppbyggingu. Þrýstjöfnunardýnur, Latextdýnur o.s.frv.

Angli 090810

rekkjan

Sumarbúðirnar í Reykjadal færðust nær 15 milljóna söfnunarmarkmiði:

Góði hirðirinn gaf sjö og hálf milljón

SÖFNUN „Við erum komin langleiðina að takmarkinu með þessari peningagjöf og erum alveg gríðarlega þakklát,“ segir Vilmundur Gíslason, framkvæmdastjóri Reykjadal, um peningagjöf Góða hirðisins, styrktarsjóds Sorpu, upp á sjö og hálf milljón króna. Gjöfin var afhent á sumarlokahátíð sumarþúðanna í Reykjadal í gær.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumarþúðir í Reykjadal fyrir börn á aldrinum fimm til 23 ára en einnig er boðið upp á helgardvalir yfir vetrartímann. Næsta vetur stóð til að bjóða ekki

upp á þessar helgardvalir sökum fjárskorts. Aðstandendur efndu því til söfnunar og var takmarkið að safna 15 milljónum króna.

Vilmundur segir að safnist meira en 15 milljónir verði hann notaður til að bæta aðstöðuna og viðhald í Reykjadal.

Lokahnykkurinn í áttakinu verður á þriðjudaginn þegar starfsmenn ganga 130 km leið rúllandi hjólastól á undan sér.

Þeim sem vilja leggja söfnuninni lið er bent á söfnunarreikninginn: 549-26-10 kt.630269-0249.

-ap

Vilja ekki bíla í bæinn:

Sekta þá sem leggja ólöglega

REYKJAVÍK Þeir sem leggja ólöglega í miðborg Reykjavíkur á menningarnótt um næstu helgi verða sektaðir. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er gert að sögn Kolbrúnar Jónatansdóttur framkvæmdastjóra Bílastæðastjóds. Margir hafa lagt ólöglega á menningarnótt og er markmiðið með sektunum að koma í veg fyrir það segir Kolbrún.

Hún vonast til þess að sem flestir á leið í bæinn um næstu helgi noti þjónustu Strætós.



GLEÐI OG GAMAN Þátttakendur á hátíðinni í gær skemmtu sér hið besta eins og sjá má.



1. Hvaða leikkona fer með aðalhlutverkið í myndinni Salt?

2. Hvert er fundarefni þjóðfundar í nóvember?

3. Útgáfufyrirtækið Hollywood Records ætlar að gefa út breiðskífu með íslenski sveit, hvað heitir hún?

SVÖRIN ERU Á BLS. 26

25%

A4 Bréfsefni

afsláttur í ágúst

500stk. ~~30.710kr~~

með 25% afslætti **23.033kr**

Verð er gefið upp án vsk. og aksturs. Verð getur breyst án fyrirvara. Rétt verð má sjá á www.odd.is. Allir uppgæfnir vinnslutimar miðast við samþykki lokaþrófarkar og afhendingu vöru inn á afgreiðslulager Odda. Vinnslutimar geta tekið breytingum. Birt með fyrirvara um prentvillur. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

VIÐSKIPTI

Ikea-bæklingur í 60. sinn

IKEA-bæklingurinn kemur út í Skandinavíu um þessar mundir í sextugasta sinn. Fyrsti bæklingurinn kom út árið 1951 í 250 þúsund eintökum. Núna er upplagið 198 milljónir eintaka og er bæklingurinn gefinn út á 27 mismunandi tungumálum. Ein helsta nýjungin í tengslum við útgáfu bæklingins í ár er að nú er hægt að skoða hann í iPhone og iPad.

STJÓRNSÝSLA

Ráðuneytisstjóri óskast

Staða ráðuneytisstjóra efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hefur verið auglýst laus til umsóknar. Jónína S. Lárusdóttir, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, var nýverið ráðin framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Arion banka. Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst. Með vísan til jafnréttislaganna eru konur jafnt sem karlar hvattir til þess að sækja um starfið. Gerð er að kröfu um að umsækjendur hafi meistara-gráðu í hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði eða sambærilegu námi.

SANDY WILSON Verst þótti henni að missa af fyrstu uppvaxtarárum sonar síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Étin lifandi af bakteríum

Árum saman þurfti bandarísk kona að glíma við drepmyndandi bakteríusýkingu sem át upp líffærin í kviðarholi hennar hvert á fætur öðru.

BANDARÍKIN, AP Bandarísk hjúkrunarkona, Sandy Wilson, vaknaði vorið 2005 fárveik á sjúkrahúsi í Baltimore sem hún hafði áður starfað á. Hún hafði smitast af sjaldgæfri sýkingu, sem hreinlega át upp líffærin í kviðarholi hennar hvert af öðru.

„Þegar ég leit niður á magann sá ég að skinnnið var nánast allt horfið og ég gat séð í innnyflin,“ sagði hún síðar. „Ég man eftir að hafa hugsað með mér: Það er engin leið að ég geti lifað svona. Þetta er dauðadómur.“

Wilson, sem þá var 34 ára, hafði nýlega fætt á sjúkrahúsinu barn, sem tekið var með keisaraskurði. Strax eftir fæðinguna þurfti að gefa móðurinni blód, en hún náði sér aldrei almennilega.

Að lokum var hún lögð inn á gjörgæslu og næstu árin þurftu lækna hvað eftir annað að gera á henni stórar aðgerðir. Bakteríurnar réðust á milta, gallblöðru, botnlanga, hluta magans og að lokum alla þarmana.

„Ég get ekki sagt hve oft ég gerði aðgerð á henni, sennilega 40 eða 50 sinnum,“ sagði Thomas Scalea, læknir á sjúkrahúsinu.

Wilson segist muna eftir að hafa vaknað í móki eitt sinn og talið sig vera stadda í vísindahrollveku „og þeir væru að breyta mér í vélmenni.“

Sjúkdómsástandið, sem Wilson

og lækna hennar þurftu að glíma við, hefur verið nefnt á íslensku drepmyndandi fellsbólga. Þetta er sjaldgæf bakteríusýking sem yfirleitt dregur fjórðung þeirra sem sýkjast til dauða en getur afmyndað líkama annarra illilega.

Á endanum náði Sandy Wilson heilsu á ný. Það gerðist þó ekki fyrr en ákveðið var í desember 2007 að skipta um það sem eftir var af smáþörmunum. Tveimur mánuðum síðar var hún útskrifuð af sjúkrahúsinu.

Síðan þá hefur hún nokkrum sinnum lagst inn á sjúkrahús, en eingöngu til að ganga úr skugga um að hitavellur væru ekki merki um að líkaminn væri að hafna ígræddum líffærum.

Hún segir að þessi tími hafi verið eins og hreinasta martröð, en verst þótti henni samt að hafa misst af því að fylgjast með syni sínum þráskast og dafna fyrstu árin, þótt fjölskyldan hafi komið með henni í heimsókn nokkrum sinnum í viku.

„Þetta var svo ótrúlega erfitt,“ segir hún. „Ég vildi fá að gefa honum að borða, baða hann og klæða, og ganga með hann þegar hann grét. Ég hafði starfað á neyðarvakt barnadeildar í ellefu ár. Ég hafði beðið allt mitt líf eftir því að gera þetta fyrir mitt eigið barn, að sinna því en ég gat það ekki.“

gudsteinn@frettabladid.is

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

Landslagsráðgjöf frábærra hönnuða frá LANDARK

Hönnuðir LANDARK aðstoða viðskiptavini Steypustöðvarinnar við hönnun garðsins.

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöf í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á netfangið steypustodin@steypustodin.is

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2
221 HAFNARFJÖRÐUR

HRÍSMÝRI 8
800 SELFOSS

MALARHÖFÐA 10
110 REYKJAVÍK

SÍMI 4 400 400
WWW.STEYPUSTODIN.IS

TILBOÐ!

2 GERÐIR - 4 STÆRÐIR - EITT VERÐ!

heilir
STURTUklefar

69.900 stgr

Hert öryggisgler allan hringinn Nuddsturtusettt fylgir



KANTAÐUR

80x80 **69.900** stgr. 90x90 **69.900** stgr.



RÚNNAÐUR

80x80 **69.900** stgr. 90x90 **69.900** stgr.

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:



www.i-t.is



Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Allt að **6,35%** innlánsvextir*

Óbundinn og óverðtryggður sparnaðarreikningur

S24 ...og þú hagnast

Sæktu um... WWW.S24.IS

*M.v. vaxtatöflu S24 01.07.2010 Sími 533 2424

Útivistarleikur Homeblest

DETTUR ÞÚ Í LUKKUPOTTINN?

Ef þú kaupir **Homeblest 300 g** kexpakka gætir þú unnið glæsilegan vinning.

6 x 50.000 kr. úttektir
30 x 15.000 kr. úttektir
frá Útilíf, Intersport eða Markid.

Er glaðningur í pakkanum þínum?

ÚTILÍF INTERSPORT MARKID

skemmtilegri

Coca-Cola ICELANDIAR

Ametski Draumtúrinn

ALURJAN BLÁNDAL OG ÖL-JENEGER KEPPA VIÐ SVEPPA OG VILLA

JÆSSPENNAND KAPPELAUÐI YFR BANDARJANIN SVJÞ OG ENORLÖNG

Hefst 20. ágúst

FRÉTTAVIDTAL: Ragna Árnadóttir dómssmálaráðherra



VILL AUKA HEIMILDIR LÖGREGLUNAR TIL RANNSÓKNA Ragna Árnadóttir segist hafa haft efasemdir um forvirkar rannsóknarheimildir þar til hún fékk upplýsingar um skipulagða glæpi hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forvirkar rannsóknarheimildir í bígerð

Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindamálaráðherra, ætlar að fela réttarfarsnefnd að undirbúa tillögur um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu. Komist það mál í höfn mun lögregla fá heimildir til að rannsaka einstaklinga án þess að grunur sé um ákveðið brot.

„Þetta er ekki sjálfsgöður hlutur og mjög skiljanlegt að upp komi andstæð sjónarmið og jafnvel ágreiningur um slíkar heimildir,“ segir Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindamálaráðherra, spurð um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu. „Sjálfr hef ég til þessa verið mikil efasemdammneskja og talið að það ætti fremur að halda að sér höndum í þessum efnum heldur en hitt. En eftir að hafa fengið ákveðnar greiningar, upplýsingar og gögn, meðal annars um skipulagða glæpastarfsemi hér á landi, tel ég mér ekki stætt á öðru en að bregðast við.“ Ragna undirstikar að forvirkum rannsóknarheimildum verði að fylgja skýrt eftirlit. Það geti verið í höndum þingnefndar eða sérstakrar deildar innan dómstóls, nema hvort tveggja sé.

Innra eftirlit lögreglu

„Þá er til athugunar hvort ekki sé tímabært að koma formlega á innra eftirliti hjá lögreglu,“ segir Ragna enn fremur. „Með núverandi fyrirkomulagi metur ríkissaksóknari hvort lögregla misbeiti valdi sínu gagnvart borgaranum í ákveðnum tilvikum. Hjá lögreglu er á höfuðborgarsvæðinu er sérstakt innra eftirlit með hvort lögregla hafi staðið rétt að verki varðandi atvik sem upp kunna að koma. Það hlutverk hafa ákveðnir lögreglumenn innan embættisins. Ég tel að það verði að ganga mun lengra í þessum efnum, þannig að við höfum óháða einingu sem getur metið ýmis mál af þessum toga hjá lögreglu á landsvísu. Það myndi vera liður í því eftirliti sem komið yrði á fót samhliða eftirliti á forvirkum rannsóknarheimildum, trúverðugt og virkt kerfi sem fylgdist með því að þessar heimildir yrðu ekki misnotaðar. Og burtséð frá þeim tel ég að mikill akkur sé í slíku innra eftirliti.“

Ragna bendir á að lögregla njóti mikils trausts almennings og mjög mikilvægt sé að svo verði áfram. Ekki verði gengið á það traust með

því að veita henni heimildir sem fólk óttist jafnvel.

„Í aðgerðaáætlun gegn mansali sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið voru beinlínis áform um hvort lögregla eigi að fá þessar heimildir til að stemma stigu við mansali,“ segir ráðherra, en minnir á að skipulögð brotastarfsemi hafi fleiri hliðar, svo sem fíkniefnaviðskipti, vændi og fleira.

Mansal veruleiki hér

„Mansal hefur verið fjarlægð okkar tilveru til þessa, en fyrr í sumar gengu tveir dómur í Hæstarétti þar sem einstaklingar voru dæmdir fyrir slík brot. Hverjum hefði dottið þetta í hug fyrir örfáum árum?“ spyr Ragna. „Því er það mjög slæmt, eins og lögreglan hefur bent á, að hún skuli hafa lakari heimildir en gerist og gengur í kringum okkur, því þá verðum við eftirbátur annarra. Í tilvikum skipulagðar glæpastarfsemi, sem þekkir engin landamæri, er mjög slæmt að lögreglan skuli vera misjafnlega í stakk búin til að takast á við hana. Við viljum ekki hleypa hér að starfsemi sem getur ekki þrífist annars staðar.“

Auk aðgerða þeirra sem að ofan greinir nefnir Ragna stjórnarskrárákvæði sem geymir sjálfstæða heimild fyrir stjórnvöld til að leysa upp félög sem hafa ólögmetan tilgang.

„Við höfum ákveðið að biðja um tillögur að lagasetningu til stuðnings stjórnvöldum komi til þess að beita þyrfti þessari heimild,“ segir hún og segir fyrirhugað að hafa samráð við sérfræðing í mannréttindum og félagafrælsi, svo og sérfræðingja í opinberu réttarfari, svo dæmi séu nefnd vegna tillagnanna.

Verkferla vantar

„Fyrir slík tilvik, þar sem heimildinni yrði beitt, eru engir verkferlar til og ekkert sagt fyrir um hvernig stjórnvöld myndu eiga að ganga til verks. Þitaskuld eru lagaákvæði hér og þar sem stjórnvöld gætu stuðst við en stjórnarskrárákvæði stendur þarna eitt og sér. Við erum ekki að ræða um að búa til einhverja viðbótarheimild við það ákvæði, heldur að skýra verkferla.“

Ragna segist skynja að skiptar skoðanir séu um heimildina og rætt sé um að hægt sé að misnota hana. Það breyti því ekki að hún sé nú þegar til staðar í stjórnarskránni. Þótt löggjafinn fjalli um verklagið sé útilokað að hann

rýmki heimildina, því það sé ekki hægt, þar sem hún sé stjórnarskrárbundin. Þvert á móti gæti hann takmarkað notkun stjórnvalda á henni.

„Það er alveg ljóst að stjórnarskrárheimildin er afar þröng,“ segir Ragna. „Það þarf ákveðin skilyrði og stjórnvöld þurfa að færa fullar sönnur á sitt mál. Dómstólar ákveða endanlega hvort rétt hafi verið að verki staðið. Ef ekki þá hljóta stjórnvöld að verða skaðabótaskyld eftir því. Þetta er því ekki eitthvað sem hægt er að rjúka til og gera bara ef mönnum dettur það í hug. Við horfum ekki til stjórnarskrárheimildarinnar sem lausnar á einhverjum vanda heldur sem eitt af mörgum atriðum sem við hljótum að þurfa að horfa til þegar við grípum til aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi.“

Fjölþættar lagabreytingar

Ragna bendir á að þær lagabreytingar sem þegar hafi verið samþykktar á Alþingi og hinar sem gerðar verði tillögur um snúist um miklu fleiri þætti en að banna félagasamtök, eins og margir telji. Ákvæði í breytingum á almennum hegningarlögum frá 1. janúar síðastliðnum um fullgildingu Palermo-samningsins, sem stangi gegn skipulagðri glæpastarfsemi, kveði á um refsingu, sammælist menn um brot. Einnig sé þar að finna hert ákvæði um eignaupptöku á ólögmetum ávinningi.

„Þar var sönnunarbyrði snúið við, þannig að það er nú brotamannsins að sanna að hann hafi komist yfir ávinninginn með lögmetum hætti,“ útskýrir ráðherra og segir þar um að ræða öflugar heimildir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Loks bendir hún á ákveðið verklag við frávisun erlendra brotamanna, sem sett hafi verið í gang til að gera ferlið skilvirkara.

„Hinú má ekki gleyma, að þótt aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi séu eitt af forgangsverkefnum um þessar mundir, er önnur brotastarfsemi sem er mikilvægt að vera vakandi fyrir og berjast gegn, svo sem heimilisofbeldi og fleira af því tagi,“ segir Ragna. „Það verður ekki lagt til hliðar.“

Jóhanna S. Sigþórsdóttir
jss@frettabladid.is



exquisit

- KGC-270/45
 ✓ Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
 ✓ Orkuflokkur A
 ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
 ✓ HxBxD: 143x544x58 cm
 ✓ Verð áður kr 84.900



143 CM
 ÞÚ SPARAR 25.000
 Verð nú 59.900

exquisit

- KGC-300/70
 ✓ Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
 ✓ Orkuflokkur A+
 ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
 ✓ HxBxD: 177x55x58,6 cm
 ✓ Verð áður kr 109.900



177 CM
 ÞÚ SPARAR 30.000
 Verð nú 79.900

20-50%

AFSLÁTTUR AF FRYSTITÆKJUM

exquisit

- GS-240WTA
 ✓ 165 lítra frystiskápur (nettó)
 ✓ Orkuflokkur A
 ✓ 6 skúffur
 ✓ HxBxD 144x54x58 cm
 ✓ Verð áður kr 84.900



144 CM
 ÞÚ SPARAR 25.000
 Verð nú 59.900



84 CM
 ÞÚ SPARAR 30.000
 Verð nú 29.900

exquisit

- GS-110
 ✓ 80 lítra frystiskápur (nettó)
 ✓ Orkuflokkur A
 ✓ 4 skúffur
 ✓ HxBxD 84x50x56 cm
 ✓ Verð áður kr 59.900

16.-23. AGÚST

VERÐFALL

VIKUNNAR

Electrolux

- ZP-3520
 Kraftmikil og vönduð ryksuga með 1800W mótör og HEPA síu.
 ✓ 9 metra vinnuradius
 ✓ Bursti fyrir trégólf / teppi
 ✓ Samdraganlegt skaft
 ✓ Verð áður kr 19.990

1800W MOTOR
 ÞÚ SPARAR 4.000
 Verð nú 15.990

appliance

- P-3060
 ✓ Hvít eldhúsvífta
 ✓ 3 hraðastillingar + ljós
 ✓ HxBxD: 14x59,5x49,5 cm
 ✓ Verð áður kr 16.990



50 CM
 ÞÚ SPARAR 15.000
 Verð nú 59.900

exquisit

- EH-5604
 ✓ 50 cm breið eldaveil
 ✓ Stór ofn með undir- og yfirhita
 ✓ HxBxD: 85x49,5x60 cm
 ✓ Verð áður kr 74.900



50 CM
 ÞÚ SPARAR 30.000
 Verð nú 114.900

ZANUSSI

- ZCC-6635
 ✓ Eldaveil með keramik helluborði
 ✓ Blástursofn og grill
 ✓ HxBxD: 90x59,5x60 cm
 ✓ Verð áður kr 144.900

AEG

- TN-88470 Iron Aid þurrkari
 Sérstök gufutækni dregur allt að 95% úr krumpum með Iron Aid tækninni.
 ✓ Tekur allt að 7 kg
 ✓ Rakaskynjari - stoppar sjálfkrafa þegar þvotturinn er þurr
 ✓ Stór LCD skjár með rauntíma
 ✓ 13 kerfi þ.a.m. sérkerfi fyrir m.a. sængurfatnað ull og sportfatnað
 ✓ Hljóðmerki í lokin
 ✓ Orkuflokkur B
 ✓ Hljóðlátur
 ✓ Krumpuvörn og niðurkæling
 ✓ Verð áður kr 169.900

7 KG



Barkalaus
 Þurrkar & straujar
 ÞÚ SPARAR 30.000
 Verð nú 139.900

AEG

- LN-69260
 Vönduð þvottaveil með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi
 ✓ 1200 sn. stillanlegur vinduhræði
 ✓ Tekur allt að 6 kg. af taui
 ✓ Hraðval
 ✓ Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
 ✓ Stórt 30 cm hurðarop
 ✓ Öflugt handþvottakerfi
 ✓ Sérstök blettameðhöndlun
 ✓ Ullarvaggja
 ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
 ✓ Verð áður kr 134.900

6 KG

1200 SNÚNINGA



ÞÚ SPARAR 35.000
 Verð nú 99.900



2x A EINKUNN
 ÞÚ SPARAR 35.000
 Verð nú 59.900

exquisit

- GSP-9013
 60 cm breið uppþvottaveil með 5 þvottakerfum og val milli 4 hitastiga
 ✓ Tekur borðbúnað fyrir allt að 12 manns
 ✓ Þurrkun með hita
 ✓ HxBxD: 85x59,5x58 cm
 ✓ Verð áður kr 94.900

exquisit

- GSP-9213A
 Flott uppþvottaveil með 6 þvottakerfum og örugga vatnslekavörn
 ✓ Efri þvottakarfa með hæðastillingu
 ✓ Skjár sem sýnir þvottatíma
 ✓ Framstillt ræsing möguleg
 ✓ HxBxD: 85x59,5x58 cm
 ✓ Verð áður kr 124.900

STÁL
 ÞÚ SPARAR 35.000

Verð nú 89.900

3x A EINKUNN

49 DESIBIL



Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
 Lokað laugardaga í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is

Ríkisstjórnin gekk of langt í hækkunum á áfengi.

Skattþíndur sopi

Pað er orðið ljóst að ríkisstjórnin gekk of langt með gífurlegum hækkunum á sköttum á áfenga drykki í fyrra. Niðurstaðan hefur orðið sú sem ýmsir spáðu; sala áfengis í ÁTVR hefur minnkað og þannig hefur tekjustofninn sem ríkisstjórnin hugðist skattþína dregizt saman.

Einhverjir kunna að segja að það geri ekkert til; meiri tekjur komi engu að síður í kassann, enda hafa áfengisgjöldin hækkað um 40% og ÁTVR hefur líka hækkað hressilega hjá sér álagninguna. Samdrátturinn í neyflu hefur ekki vegið upp á móti þessu. Og svo getur ekki verið slæmt að fólk drekki minna, eða hvað?

Um það má hins vegar deila, hvort verðhækkunin hafi leitt af sér minni neyflu. Könnun, sem Félag atvinnurekenda lét gera og sagt var frá fyrir helgi, sýnir að smygl og heimabrygg á áfengi hefur aukizt. Meira en fjórðungur svarenda sagðist verða var við slíkt. Í yngsta hópnum, 18-29 ára, segist helmingur svarenda verða í meira mæli var við smygl og heimabrygg.

Þetta er gömul saga og ný. Allt frá því að áfengisbann var afnumið á Íslandi hefur verið fylgt haftastefnu. Reynt hefur verið að takmarka aðgang að áfengi með ríkiseinkasölu og fáránlega háu verðlagi. Áfengisgjöldin voru fyrir þau hæstu í Evrópu, þótt skattlagningin í Noregi slagaði upp í það sem hér gerðist. Smygl, heimabrygg og drykkja á alls konar óþverra var afleiðingin.

Nú hefur Ísland tekið afgerandi forystu í skattþíningu neytenda áfengra drykkja og þá er ekki við öðru að búast en að framleiðsla og aðflutningur áfengis færir í enn meiri mæli út fyrir mörk hins löglega. Það vinnur svo á móti því að hér verði til skikkanleg vinnmenning, sem þrátt fyrir allt hafði skánað á síðustu árum.

Stefán Guðjónsson, rekstrarstjóri Einars Ben og vínáhuga- maður, sagði í samtali við helgarblað Fréttablaðsins að það væri sorglegt hvaða áhrif verðhækkunirnar væru farnar að hafa á vinnmenninguna. „Þetta eykur ólöglegt brugg á áfengi, smygl og landasölu. Mikið af þessum eignum er mjög hættulegt,“ sagði Stefán, sem taldi vinnmenningu á Íslandi nú á sama stað og hún hefði verið fyrir átján árum.

Yngsti hópurinn, sem hefur minnst handa á milli, er einmitt sá sem við viljum sízt að sé að sulta í óþverra. Það er áhyggju- efni að unga fólk skuli í vaxandi mæli sækja í smygl og heima- brygg, en rökrétt afleiðing af stefnu stjórnvalda. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi lítið lært af misheppnaðri áfengispólitík síðustu áratuga, sem hefur miðast við að reyna að takmarka alla áfengis- neyflu, í stað þess að beinast að misnotkun áfengis og afleiðingum hennar. Aukin skattþíning er líkleg til að auka enn á vandann.

Þá er eftir að nefna aðra afleiðingu skattþíningarstefnu stjórn- valda, áhrifin á vísitöluna. Áfengi er hvort sem fólk líkar betur eða verr hluti af neyfluútgjöldum íslenskra heimila. Það hækkaði auðvitað vegna hruns krónunnar eins og allar aðrar innfluttar vörur. Þegar skattþíningin bætist við, eru áhrifin á fjárhag heimila, þar með talinn skuldabaggann, umtalsverð.

Vonandi hverfur ríkisstjórnin frá þessari fráleitu tilraun til að setja heimsmet í skattlagningu vöru, sem er hluti af daglegu neyflumynztri vestrænna þjóða.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Iðn 1670-3871

18 V höggborvél



Verð með vsk. **69.900**

DC988KL
 Öflug 18 V borvél m. höggi
 3ja gíra, 0-450/1450/2000
 Átak 52 Nm.
 2x2,0 Ah Li-Ion rafhlöður
 40 mín. hleðslutæki
 Taska fylgir

Verðslanir
 www.sindri.is / sími 575 0000 **SINDRI**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fáum séns í kosningum

Jónas Kristjánsson segir á bloggi sínu að Íslendingar hafi staðið sig illa í öllum kosningum. Íslenskir kjósendur fái nú einn séns til að bæta sig þegar kosið verður til stjórnlagabings segir Jónas sem stingur upp á því að Egill Helgason verði kosinn á þingið. Egill sjálfur birtir sama dag heil- langan lista með spurningum um stjórnarskrá, og hefur jú sýnt þinginu heimikinn áhuga. Ætli kosningabaráttu fyrir stjórnlagabingið sé nú formlega hafin á síðum internetsins?



Egill sem forsætisráðherra

Jónas hefur raunar áður lýst vilja sínum til þess að fá Egil í kjörið embætti. Skömmu eftir hrúnið, í lok nóvember 2008, spurði hann á vef sínum hvers vegna Egill væri ekki hreinlega forsætisráðherra. Í byrjun síðasta árs lýsti hann þeirri skoðun á ný að hann vildi fá Egil í forsætisráðuneytið (og Lilju Mósesdóttur í fjármálaráðuneytið). Fyrir hrún hafði hann þó annað hlutverk í huga fyrir Egil, nefnilega ritstjórn Morgunblaðsins. Og eftir kosningar hefur hann lítið tjáð sig um að fá Egil í hinar ýmsu valdastöður.



Tekur fleira en sundið á þrjós-kunni

Sigurjón Þórðarson, formaður Frjálslynda flokksins og sveitar- stjórnarmaður í Skagafirði, sýnti Drangeyjarsund um helgina. Hann lýsti sundinu sem þrekraun, enda fékk hann krampa í fætuna þegar nokkuð var liðið á sundið. Lýsti Sigurjón því sem svo að hann hefði sýnt seinnipart sundsins á þrjós-kunni einni. Mikil þrjóska hlýtur að vera góður kostur fyrir formann flokks sem á litlu fylgi að fagna víða um landið, en heldur vissulega alltaf áfram, á þrjós-kunni.

thorunn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hvað þýðir þögnin?

Dómsmál

Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson og Steinunn Gunnlaugsdóttir

Listamenn og tvö hinna ákærðu

Á morgun fer fram fyrirtaka í dóms- máli ríkisins gegn nímenn- ingunum sem eru ákærðir fyrir árás á Alþingi, 8. desember 2008.

Frá því að málið var þingfest fyrir hálfu ári og því fylgt eftir með hasarfrétta- mennsku og yfirlýsingagleði helstu fjöl- miðla, hefur harðri gagnrýni á ákærurn- ar vaxið fiskur um hrygg. Gagnrýnin og opinberun sönnunargagna málsins hefur leitt af sér bitra þögn ritstjóra fjölmið- anna.

Í maí sýndi Kastljósið myndbandsupp- töku úr eftirlitsmyndavélum Alþingis, sem sýndi að undirstöður ákæranna eru á engum rökum reistar. Við gerð þáttar- ins neituðu Lára V. Júlíusdóttir, ríkissak- sóknari, og Helgi Bernóðsson, skrifstofu- stjóri Alþingis, að tjá sig. Enginn hinna stóru fjölmiðlanna fjallaði um þáttinn fyrr en Stöð 2 sagði frá afskiptum Ástu Ragn- heiðar Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, af ummælum Jóns Ólafssonar, heimspek- ings, um dómsmálið í útvarpinu. Ásta full- yrti ranglega um staðreyndir málsins og skammaði Jón fyrir hans skoðun. En svo vildi hún ekki tjá sig við Stöð 2. Afskipta- semin er undarleg fyrir þær sakir að þegar henni voru afhendar undirskriftir

700 manns, sem sögðust samsek nímenn- ingunum vegna árása á Alþingi veturinn 2008-2009 og kröfðust þess að málið félli niður ellegar þau öll ákærð samkvæmt sömu lagagreinum, sagði hún að sér kæmi málið ekki við.

Enn hefur enginn tekið ábyrgð á beit- ingu 100. greinar hegningarlaga, sem mælir fyrir um eins árs til lífstíðar fang- elsisvistar, síðan Helgi Bernóðsson og Valtýr Sigurðsson, ríkissaksóknari, bentu á hvor annan í janúar. Enginn fjölmiðill hefur reynt að komast að hinu sanna.

Hvers vegna er þögnin eina svar þess- ara afla?

Má vera að þau einfaldlega hafi engin svör? Að sannleikur þessa máls sé nú þegar á yfirborðinu – málið sé einungis pólitískar ofsóknir í garð andófsfólks? Að nú, þegar sannleikur málsins liggur fyrir, færður uppá yfirborðið af nímenn- ingunum og samherjum þeirra, sé eina nothæfa vopn ríkisins hinn refsandi armur þess, dómarmennir?

Ef herkænska ríkisins er að þegja um málið og gagnrýni í garð þess, tekst þrýði- lega að sýna fram á eðlislægan en vel falinn fasisma ríkisins.

Verði þeim af því!

Vinstri græn og Evrópusambandið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhofundur



Þegar Davíð Oddsson talar um fræðimenn og stjórnmálaskýrendur sem sérhæft hafa sig í regluverki Evrópusambandsins kallar hann þá alltaf „sérfræðinga Samfylkingarinnar“. Þar með gefur hann sínu fólki skilaboð um að taka aldrei mark á orði sem þessir fræðimenn kunna að hafa til málanna að leggja. Aldrei. Gildir þá einu hvað það er eða hversu mikið vit þeir hafa á málaflokknum: Aldrei. Þeir eru á vegum „andstæðingsins“. Samfylkingarinnar. Gott ef ekki hreinlega Baugs.

Því þótt Davíð hafi gerst ritstjóri hefur hann ekki áhuga á fréttáflutningi – hann er í réttaflutningi.

Gamalkunnur dilkadráttur

Við þetta búum við. Eilífan dráttur gamalla fjallkóna inn í gamla dilka.

Óskandi væri samt að okkur tækist að ræða þetta mál án þess að þátttakendur þurfi að vísa í sífellu fram flokksskírteinum. Óskandi væri að umræðan um ESB snerist um málefni: Þjóðarhag, lífskjör, stað Íslands í heiminum, krónuna, umhverfismál, stöðugleika, atvinnuáhrif, eðli fullveldisins, vörútlutning, tollamál, verð á matvöru...

Nokkrir sjálfstæðir Sjálfstæðismenn með Benedikt Jóhannesson í fararbroddi hafa að vísu þverskallast við að hlýða hinum gamla fjallkóngi og lýst yfir stuðningi við að minnsta kosti aðildarviðræður, eins og raunar

meirihluti kjósenda Sjálfstæðisflokksins aðhylltist til skamms tíma. Þögnin um þetta mál hefur hins vegar verið meiri í öðrum flokkum. Samfylkingarmenn þora naumast að opna munninn um málið af ótta við að það takist að gera þetta að sérmáli þess flokks, og úr ranni Vinstri Grænna heyrir lítið annað en Lebensraum-raus Ögmundar Jónassonar.

VG er í erfiðri stöðu. Ekki hefur verið mikið um það fjallað en fram að allra síðustu könnunum hefur meirihluti kjósenda flokksins stutt aðildarviðræður og jafnvel aðild – án þess þó að sá hluti kjósenda flokksins hafi átt sér málsvara í flokknum opinberlega. Nú – þegar þjóðin virðist kenna ESB um efnahagshrunið – er eindreginn stuðningur kjósenda VG við aðild að ESB að vísu kominn niður í 20 prósent og önnur 15 prósent hálfvolg.

Það er engu að síður allhótt hlutfall kjósenda. Þetta er vinstri sinnið fólk sem trúir ekki á tröllasögur Ögmundar um heimsvaldasinnuð eðli ESB... Flokkurinn telur sig væntanlega eiga samleið með þessu fólki um leið og hann vill ekki styggja þann (núverandi) meirihluta kjósenda flokksins sem andvígir eru ESB. Söguleg arfleifð flokksins flækir mál. VG hefur vissulega tekið við þjóðfrelsismyndunum frá Alþjóðubandalaginu sáluga og Sósíalistaflokknum þar á undan; og gott ef ekki Landvörn og Skúla Thoroddsen þar þar á undan.

Í íslenskri vinstri stefnu hefur löngum verið óleyst togstreita milli trústu kröfu um bókstafs-sjálfstæði sem vill enda í ógöngum Bjarts í Sumarhúsum (sem drap kúna frekar en að gefa eftir) og svo aftur pragmatisma af þeirri sort sem endar í ógöngum lúðvískunnar með skuttogara í hverjum firði.

Við skulum ekki hafa hátt

Og samt... Kringum þrjátíu prósent kjósenda VG vilja inn-göngu – og voru enn fleiri áður en Icesave-málið kom upp. Innan flokksins eru öfl sem telja að hag lands og þjóðar verði best borgið innan Evrópusambandsins og telja að það samræmist þýðilega vinstri stefnu af því tagi sem leggur áherslu á alþjóðahyggju og bætt kjör launafólks. Ekki þarf að hafa mörg orð um umhverfismálin: þar er Evrópusambandið töluvert lengra komið en Íslendingar.

En ekki verður sagt að stuðningsmenn Evrópusambandsaðildar innan VG hafi hátt. Stundum virðist manni eins og það fólk innan VG sem styður aðildina ætli að láta sér það lynda að þetta sé mál Samfylkingarinnar. Á sínum tíma, þegar stjórni var mynduð, reyndi VG að fá Samfylkinguna til að samþykkja þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður og vissulega hefði Samfó betur hlustað á þær tillögur, því að þá hefði viðræðunefndin í Brussel eindregnara umboð en nú virðist. En úr því sem komið er þurfa stuðningsmenn aðildar úr VG að stíga fram og taka til máls óttalaust. Takist að gera Evrópusambandsaðild að sérmáli Samfylkingarinnar þá er útséð um afdrif málsins.

Stundum er eins og það gleymist að á valdaárum gamla fjallkóngsins, Davíðs Oddssonar var einmitt verið tilraun með þá ábyrgðarlausu hálfaðild að ESB sem hann og ýmsir fleiri telja að enn muni gefast Íslendingum vel. Sú tilraun endaði með allsherjarhruni og um hana má fræðast í rannsóknarskýrslu alþingis.

Brýnast af öllu er að hlusta ekki á gömlu fjallkóngana heldur hugsa allt upp á nýtt og gera alla hluti öðruvísi en á þann hátt sem leiddi yfir okkur hrunið.

AF NETINU

Fylleri á úrslitaleik

Fór á völlinn. Drengurinn er KR-ingur. Það átti víst að slá met og því byrjaði leikurinn kl. 18.00. Það þýddi talsvert fylleri á þeim sem gætu orðið til vandræða og minnr okkur á af hverju úrslitaleikur fara oftar en ekki fram á sunnudögum kl. 12 á hádegi. Enda kom í ljós að heilalösu heimskingjarnir urðu til vandræða. Gæsla á vellinum var fremur slöpp sem sást best á því að leikmenn þurftu sjálfir að grípa inn í þegar fullur áhorfandi hljóp inn á völlinn með blysi! ... Í lok leiks við verðlaunaafhendinguna kom það algjörlega í ljós hve illa getur farið. Blindfullir bjálfar sem tilheyrðu KR reyndu hvað þeir gátu að hitta þá sem á vellinum stóðu með fullum vatnsflöskum og dósnum. Þeir fengu margar tilraunir en gæsla og lögregla var ekki á svæðinu. Heimski hundurinn ég ákvað að stíga inn í og koma ofstopamanninum undir gæsluhundur. Félagar fábánans komu sínum manni til hjálpar og hann komst undan á flóttu. Hann ákvað samt að fara úr KR-treyjuni til þess að þekkjast ekki – virkilega hugaður. Brennivinið gerði þá svona ljómandi hressa og skemmtilega.

<http://blog.eyjan.is/grimuratlasen/>

Grimur Atlasen



MEIRA
Á MILLI

SÓMAHYRNUR

FYRIR ÞÁ SEM VILJA
MIKLU MEIRA Á MILLI



Í Sómahyrnum er talsvert meira af áleggi og fersku grænmeti en þú átt að venjast og að sjálfsgöðu er brauðið beint úr ofninum.

FERSKAR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI!

Þú færð ferska og gómsæta samloku frá Sóma á hverjum degi í næstu verslun.


512 54 01

Auglýsingasími

Allt sem þú þarft.

BETRA VERÐ

Nýherji kynnr verðlækkun á Canon-prenturum fyrir skrifstofuna. Nú er rétti tíminn til að endurnýja tækjakostinn. Afkastamiklir prentarar á fráþæru verði.



Canon



MF8030CN

Fjölnota litilaserprentari og skanni fyrir minni skrifstofu.
• Skannar beint á minnislykil eða yfir í tölvu
• Innbyggð nettenging

Aðeins 69.900 kr.
Áður 89.900 kr.



LBP6650DN

Fullkominn laserprentari.
• 33 bls. á mínútu með PCL5e/6 stuðningi
• Innbyggð nettenging
• Tívhliða prentun
• 250 bls. pappírskúffa

Aðeins 64.900 kr.
Áður 84.900 kr.



LBP7750CDN

Afkastamikill litilaserprentari.
• 30 bls. á mín. í lit og 30 bls. í svarthvíti
• PCL5c/6 & UFR II stuðningur
• Innbyggð nettenging
• Tívhliða prentun

Aðeins 119.900 kr.
Áður 154.900 kr.

NÝHERJI



Yndislegi maðurinn minn, stjúpfaðir,
sonur, bróðir og mágur,

Gunnar Magnússon

Goðheimum 4, Reykjavík,

verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni í Reykjavík
þriðjudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

Ásta Agnarsdóttir

Rúnar Máni Gunnarsson Eydís Magnúsdóttir og synir

Davíð Snævar Gunnarsson Ragnhild Svelling og synir

Tinna Dögg Gunnarsdóttir og börn

Ingibjörg S. Gunnarsdóttir

María M. Magnúsdóttir Bergur Stefánsson og synir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og
langafi,

Kristinn Kristvarðsson,

fyrirum kaupmaður,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 4. ágúst, verður
jarðsöngurinn frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. ágúst
kl. 13.00. Peim sem vilja minnast Kristins er bent á
Minningsrjóð Eirar, sími 522 5700.

Ragnar V. Kristinsson

Gunnhildur K. Kristinsdóttir

Helga E. Kristinsdóttir

Pórr Þórisson

afabörn og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurlaug Jónsdóttir,

áður til heimilis á Laugarnesvegi 104,

lést þann 6. ágúst á deild H-1 á Hrafnistu Reykjavík.
Útförin fer fram frá Fossvogskapelli (að vestanverðu)
þriðjudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

Ásdís Hannesdóttir, Gunnar Waage

Benedikt G. Waage

Davíð Waage, Carolina Castillo, Alexander og Isabella

Baldur Hannesson, Sangiam Phanomkul

Fjóla Ösp

Hlynur Baldursson, Anna Kr. Gústavsdóttir

Birna Íris og Máni Björn.

Lilja Björk Baldursdóttir, Kjartan Norðdahl

Karen Ösp, Tinna Marin, Kristel Lind og Jökull Logi

Reynir Baldursson



Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

Bogi Ingimarsson

hæstaréttarlögmaður,

Sigtúni 57, Reykjavík,

verður jarðsöngurinn frá Háteigskirkju þriðjudaginn
17. ágúst kl. 13.00.

Sigrún Sigurþórsdóttir

Sigurþór Bogason

Benedikt Bogason

og barnabörn.

Úlla Káradóttir



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

MADONNA ER 52 ÁRA Í DAG

Ég styð tjáningarfrelsi, að
fólk geri það sem það vill
og fylgi draumum sínum.

Madonna er bandarísk söng-
kona og leikkona. Hún er
fædd í ríkinu Michigan en
flutti til New York þegar hún
var sautján ára til að stunda
núttímans.



PETTA GERÐIST: 16. ÁGÚST 1960

Hæsta stökk úr loftbelg

Hinn 16. ágúst fyrir fimmtíu árum
stökk Joseph William Kittinger II í
síðasta sinn úr Excelsior III. Hann
stökk úr 31.300 metrum. Hann setti
ýmis met með þessu stökki, meðal
annars hæsta stökk úr loftbelg,
hæsta fallhlífstökk og hann var
hraðskreiðasti maður sem farið
hefur um gufuhvolfið.

Joseph William Kittinger II er
fyrirum yfirflugstjóri og herforingi í
bandaríska hernum. Í stökki sínu
þennan dag féll hann í fjórar mín-
útur og 36 sekúndur og mestur hraði hans var 988 kílómetrar á
klukkustund áður en hann opnaði fallhlíf sína í 5.500 metrum.
Þrýstingur á hægri hanska hans var rangur þannig að höndin
bólgnaði upp í tvöfalda stærð sína.



tímamót

timamot@frettabladid.is



KLARINETTULEIKARINN Það er ekki oft sem myndir nást af Einari Jóhannessyni með óhreina putta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EINAR JÓHANNESSON: Í ROYAL ALBERT HALL Á SEXTUGSAFMÆLINU

Gæti orðið leigubílstjóri í London ef ég missi vinnuna

Einar Jóhannesson klarinettuleikari er
sextugur í dag. „Ég er í garðvinnu, drull-
ugur upp fyrir haus,“ sagði hann hlæj-
andi þegar hringt var í hann fyrir helgi
að falast eftir afmælisviðtali og mynd.
„Ég flutti hingað á Aragötuna fyrir
fáum árum og fékk risastóran garð þar
sem gróðurinn hefur algerlega náð yfir-
höndinni. Þó við viljum hafa villta nátt-
úru þar sem hún á við þá snýst garðyrkja
um að hafa taumhald á henni en hér nær
illgresið manni upp í geirvörtur og ég er
að reyna að stemma stigu við því.“

Einar er í sambúð með Ívari Ólafs-
syni bókasafnsfræðingi og á soninn
Daða, tengdadóttur og þrjú barnabörn.
Skyldi hann ætla að halda afmælisveislu
í tilefni dagsins? „Nei, ég verð í Royal
Albert Hall í London að hlusta á Proms
tónleika. Proms er stærsta tónlistarhátíð
í heimi, haldin af BBC. Ég fer með vin-

konu minni sem er gagnrýnandi og fæ
frítt með henni,“ segir Einar sem kveðst
alltaf vera með annan fótinn í London.
„Ég átti þar heima í rúman áratug og
London er hluti af mínu lífi. Ég held að
fólki finnst hún annaðhvort frábær eða
ömurleg og mér finnst hún frábær. Ég
þekki hana líka mjög vel og gæti örugg-
lega orðið leigubílstjóri þar ef ég missi
vinnuna!“

Það upplýst í framhaldinu að Einar
stundaði nám í Royal College of Music
sem er við hliðina á Royal Albert Hall
og eftir það fór hann að spila og kenna
en eftir ellefu ára vist í heimsborginni
flutti hann heim til Íslands um 1980 og
kveðst hafa verið svo heppinn að hafa
haft nóg að gera. „Ég er í Símfóníuhljóm-
sveit Íslands sem er hljómsveit í stöðugri
framför og það er mjög þakklátt og gef-
andi starf að spila þar. Svo hef ég kennt

mikið og tekið þátt í að ala upp nýjar
kynslóðir af hljóðfæraleikurum.“

Spurður hvort hann eigi til tónlist-
arfólks að telja svarar Einar: „Það var
talsvert af kirkjuorganistum í kring-
um mig í báðum ættum. Þá var spilað á
harmóníum. Sjálfsgagt hef ég haft þetta
í genunum. Ég fór snemma í Barnamús-
íkskólann, byrjaði á fiðlu tók svo blokk-
flautu og fór yfir á klarinett og söng
líka alltaf í kórum. Tónlistin var eins
sjálfsgöð hjá mér eins og að borða og
drekka.“

Þó seint sé er hann að síðustu inntur
eftir ætt og uppruna. Hann kveðst kom-
inn af Þingeyingum í aðra ætt og Þing-
vellingum í hina. Þegar spaugað er með
að hann hefði þá eiginlega átt að verða
þingmaður hlær hann og segir: „Ég
vona að Guð forði mér frá því. Það er
svo óvinsælt starf.“ gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

Alice Bergsson Nielsen

Rjúpnasölum 12, 201 Kópavogi,

lést sunnudaginn 8. ágúst á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi. Útför fer fram frá Digraneskirkju í Kópa-
vogi, þriðjudaginn 17. ágúst klukkan 11.00. Peim sem
vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið og
líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Örn Helgi Steingrímsson

Örn Hans Arnarson

Gústaf Arnarson

Arnar Hans Gústafsson

Johanna Friberg Arnarson

Eydís Alice Christina

Gústafsdóttir



ÞÁTTAKENDURNIR VERÐA 1.800 Hamrahlíðarkórinn er einn af
íslensku kórnum sem taka þátt á hátíðinni.

Stærsta kórahátíð til þessa

Stærsta kórahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi hefst
í Laugardalshöll á morgun þegar átján hundruð söngvar-
ar frá Norðurlöndunum, Eystrasaltslöndunum og Íslandi
hefja upp raust sína. Hátíðin nefnist Nordic Baltic Choral
Festival og er nú haldin í sjötta sinn.

Kórarnir halda svo hádegis- og kvöldtónleika á sjö stöð-
um um Reykjavík á miðvikudag og föstudag. Þá taka kór-
arnir þátt í menningarnótt um næstu helgi. Nánari upplýs-
ingar má finna á heimasíðunni choral.iii.is.

- mfm



SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir nemendur. Þar er starfsemi móttökustöðva útskýrð, börnin fá tækifæri til að skoða mismunandi flokka úrgangs og þau frædd um úrvinnslu hans.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



friendtex

☺ **ÚTSALA** ☺

Þú kaupir 2 flíkur og færð þriðju flíkina FRÍTT með

Sú ódýrasta fylgir frítt með

SÍÐASTA VIKA ÚTSÖLUNNAR

Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18 **50%** **40%**
Lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Líney keypti hnetu til að láta Jean-Claude halda á milli framlappanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Til leigu í Skútuvoði 1H-G

Skrifstofuhúsnæði—189 fm
Skrifstofuhúsnæði—164 fm
Lagerhúsnæði— 189 fm



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er annars vegar 189 fm að stærð og hins vegar 164 fm. Góð lofthæð er í plássunum og í miðju rýmum eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Mjög gott húsnæði Miklir möguleikar.

Lagerhúsnæði með útkeyrsluhurð, alls 189 fm. Leigist saman eða í sitt hvoru lagi.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvoði 1 h- Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan í s: 585-8902 / 894-4711. e-mail : kjartan@jarnglers.is

Náði verðinu niður með því að blikka seljandann

Þegar Líney Arnórsdóttir var í heimsókn hjá foreldrum sínum í Brussel fann hún lítinn íkorna á antikmarkaði sem heillaði hana á stundinni. Hún hafði gefið sjálfri sér 25 evrur og þær urðu að duga.

„Ég á uppstoppaðan íkorna sem ég er mjög ánægð með. Ég keypti hann í Brussel þar sem foreldrar mínir búa og flutti hann með mér til Íslands. Hann er flottasta borðskreyting sem ég hef átt,“ segir Líney Arnórsdóttir spurð um eftirlætishlut.

Líney kveðst hafa búið úti um allar trissur því pabbi hennar vinni fyrir utanríkisráðuneytið og fjölskyldan hafi ferðast land úr landi frá því hún fæddist. „Ég flutti reyndar frá foreldrum mínum um 16 ára aldurinn og hef ekki búið í sama landi og þau síðan þá. Fyrst flutti ég heim til Íslands, síðan til

Miami í Flórída og þaðan til New York,“ lýsir Líney sem er á landinu núna og starfar sem markaðs- og kynningarstjóri You Are in Control/ÚTON, alþjóðlegrar ráðstefnu um þróun og tækifæri í stafrænum viðskiptamódelum sem haldin verður í Reykjavík í byrjun október.

Síðast þegar hún heimsótti foreldrana í Brussel fór hún á antikmarkað. „Þetta var antikhúsgagnamarkaður sem var haldinn úti undir berum himni og þar voru munir alls staðar að úr heiminum, sumir lítið spennandi og aðrir ótrúlega flottir. Ég gaf sjálfri mér 25 evrur til að eyða þarna og ekki meira. Var á

röltinu og fann bás með uppstoppuðum dýrum sem einn karl var að selja. Þarna voru stórir fuglar og fleira sem ég gat ekki flutt með mér en svo sá ég sætan, rauðan íkorna sem heillaði mig algerlega. Hann átti að kosta meira en 25 evrur en ég náði honum niður með því að blikka karlinn.“

Líney ákvað að nefna íkornann Jean-Claude í höfuð á Jean-Claude Van Damme, einum frægasta leikara Belga og þekktu vöðvatrólli. „Ég hef íkornann alltaf á borðinu ef ég held matarboð. Gestirnir eru yfirleitt hrifnir en einstaka láta smá andúð í ljós.“ *gun@frettabladid.is*

512 54 01

Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

SUMAR ÚTSALA

Gerð gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa

★★★★★

www.svefn.is

20-50% AFSLÁTTUR


Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgafnar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending **SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



Bucket Vase kallast þessi vasi eftir Jakub Berdych frá Qubus Design Studio. Vasinn samanstendur af venjulegri skúringafötu og handblásnu gleri sem fest er ofan á fötuna. Hönnuðurinn heillaðist af hinu einfalda formi fötunnar sem hefur ekki breyst í marga áratugi. Þá hefur hann einnig gaman af mót-sögnum og að búa til fallegan mun úr forljótum.



www.dezeen.com

Sígaunamenning í nútíma

Sígaunamenning endurspeglast í nýjum munum úr smíðju ungverska hönnunarfyrirtækisins a+z Designers.

Að baki a+z Designers-hönnunar-fyrirtækinu standa Attila F. Kovacs og Zsuzsa Megyesi. Þau hafa unnið saman um tíma og munu frumsýna muni sína úr sígaunalínunni í London í lok september.

Í sígaunalínunni eru nokkrir áhugaverðir munir en þau Kovacs og Megyesi hönnuðu munina með það að leiðarljósi að setja gamla og hefðbundna sígaunamuni í nýtt form. Til dæmis má nefna borð með eldunaraðstöðu í miðjunni, vinkæli sem einnig er kollur með sæti sem er útsaumað með hefðbundnu sígaunamynstri.

Böðin er blanda af vinkæli og kolli með sæti sem er útsaumað á hefðbundinn hátt.



Borð með gaseldavél í miðjunni.

Stóllinn Puli hefur járnrind en er þakinn efnisbútum.



Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Vikan 16. - 20. ágúst

Mánudagur 16. ágúst

- ▶ **Taktur** - Fyrir 16-30 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9-12
- ▶ **Prjónahópur** - Prjónaðu í góðum félagsskap. Kl. 13-15
- ▶ **EFT og djúpslökun** - Umbreyttu heftandi viðhorfum. Kl. 14-16

Gönguhópurinn Njótandi og Þjótandi - Gengið á mán. kl. 13 og mið. kl. 10. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 17. ágúst

- ▶ **Taktur** - Fyrir 16-30 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9-12
- ▶ **Ljósmyndir árstíðarinnar** - Lærðu að taka myndir af sólsetri og sólarupprás auk haustlitanna. Kl. 13-14.30
- ▶ **Bowen tækni** - Kynntu þér tækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan. 20 mín. prufutímar fyrir einstaklinga. Skráning nauðsynleg. Kl. 13.30-15.30
- ▶ **Skriptifatamarkaður - Barnaföt** - Skólatöskur og föt, íþróttaföt, skór og ýmislegt fyrir veturinn. Skiptu fötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Kl. 16-18
- ▶ **Gönguhópur** kl. 13-14 ▶ **Vinum saman (Byflugurnar)** kl. 14-16

Miðvikudagur 18. ágúst - Opið 9-16

Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu

- ▶ **Taktur** - Fyrir 16-30 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9-16
- ▶ **Briddsklúbbur** kl. 14-16 ▶ **Tölvuaðstoð** kl. 13:30-15:30

Fimmtudagur 19. ágúst

- ▶ **Taktur** - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. Kl. 9-12
- ▶ **Saumasmíðjan** - Breyttu, bættu eða búðu til. Komdu með saumavél ef þú getur. Kl. 13-15
- ▶ **Íslenskar lækningajurtir** - Lærðu hvar þær eru, hvernig þú safnar þeim og hvernig þær nýtast best. Umsjón: Ásdís Ragna, graslæknir. Kl. 14-15

Föstudagur 20. ágúst

- ▶ **Útileikfimi í Nauthólsvík** - Fyrir alla sem vilja. Útileikfimi og sjósund. Mæting í Nauthólsvík. Umsjón: Heilsuhópur Takts og Gönguhópurinn Njótandi og Þjótandi. Kl. 10
- ▶ **Náðu settu marki** - Þú getur gert, átt eða verið það sem þú vilt! Fyrsti hluti af þremur sjálfstæðum fyrirlesturum. Umsjón: Ólafur Þór Ólafsson, Phoenix leiðbeinandi og LMI þjálf. Kl. 13-15
- ▶ **Hláturjoga** kl. 15-16



Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið mánudaga til föstudaga kl. 13-16

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

STOTT PILATES

STOTT PILATES
Innritun hafin! Sími 581 3730
Haustnámskeið hefjast 23. ágúst

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 6 vikur. Byrjendahópur: Mánu- og miðvikudaga kl 10:30.

Framhaldshópur: Þriðju- og fimmtudaga kl 16:30.

Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.

Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.900.

Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línur

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is



Risaklukka á vegg

AF HVERJU KAUPA KLUKKU ÞEGAR ÞÚ GETUR KEYPT LÍMMIÐA?

Breska fyrirtækið Brume hanna skemmtilega klukkulímmiða sem líma má á vegg. Með límmiðum sem eru margir hverjir risastórir fylgja vísar sem knúðir eru af batteríum og skrufaðir eru í vegginn. Frekari upplýsingar á www.brumbasics.co.uk.



RÝMI

- fyrir alla muni

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki



- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Geymsluhillur
- Starfsmannaskápar
- Lagerhillur
- Verslunarhillur



- Ráðgjöf
- Lausnir
- Þjónusta

Skemmuvegur 6
Kópavogur
Sími 511 1100
www.rymi.is



híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR

16. ÁGÚST 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Íbúðalánasjóður

Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969



Fuglabað er meðal þess sem prýðir þennan garð við Erluhraun 5.



Hulda mundar arfaklóruna en segir samt að bóndinn eigi allan heiðurinn að garðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hraunið prýðir og skýlir

Hafnarfjörður lumar á ævintýrlegum görðum þar sem landslagið í hrauninu fær að njóta sín og mynda gott skjól. Einkum á það við í hinum rótgrónari bæjarhlutum. Fréttablaðið laumaðist í tvo slíka garða og fékk leyfi húsráðenda til að mynda.

Við Erluhraun 3 og 5 eru víðáttumiklir garðar sem hafa greinilega

notið þolinmæði, úthalds og eljusemi eigenda sinna.

Brött brekka frá húsunum niður í djúpa hraunbolla einkennir þá báða og í öðrum garðinum hefur brekkan verið notuð sem sleðabraut barnabarna að vetrinum, því hefur enginn trjá- eða runnagróður verið settur niður þar. Hulda Böðvarsdóttir og Sigurður Rúnar Jónasson hafa átt þann garð í þrettán ár og þau eru með þúttvöll niðri á flötinni. Lóðin er að hluta til girt með náttúrulegum

viði og kurl er í sumum stígum.

Þegar Steinþóra Þorsteinsdóttir og Sigurður Þ. Arndal tóku við sinni lóð 1982 var þar ógrynni af spýtna- og járnarusli og snarbrött grjóturð neðan við húsið. Þeim datt varla í hug að þar yxi nokkuð en nú skipta plöntutegundirnar hundruðum. Burknarnir eru í mestu uppáhaldi, þeir fara einkar vel í þessu umhverfi. Þau hjón hafa tvívegis fengið verðlaun fyrir garðinn enda hafa þau náð að skapa þar hreina paradís. -gun

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ



NÚ ER HÆGT AÐ FÁ **100%**
ENDURGREIÐSLU Á VIRÐISAUKASKATTI
AF KEYPTRI VINNU!



Burknarnir njóta sín vel meðfram stígum í garðinum við Erluhraun 3.



Erluhraun 5. Friðsælt er á flötinni í botni hraunbollans.



Brekkan vinstra megin við stígin er sleðabraut barnabarna Huldu og Sigurðar þegar snjór er.



Þegar Steinþóra húsfreyja var hætt að sjá niður í garðinn út um eldhúsgluggann greip hún klippurnar og hefur náð að halda vexti trjágróðurs í brekkunni í skefjum.



Óskum eftir fleiri eignum á söluskrá!

Erum allir mættir aftur eftir sumsrfrí og klárir í slaginn. Þjóðum góða þjónustu og vandaða vinnu hvort sem er verðmót, aðstoð við kaup eða sölu fasteigna. Hringdu núna og skráðu eign þín í sölu hjá okkur.

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



heimili
FASTEIGNASALA



OPIÐ HÚS Í DAG BOLLAGARÐAR 8, SELTJ.NESI



Sýnum í dag þetta glæsilega einlyfta steinsteypta einbýlishús. Húsið er alls 224 fm og þar af 50,5 fm tvöfaldur bílskúr. Skipulag hússins er einstakt, stórar stofur, aðalbadherbergi og gesta wc., sjónvarpshol og þvottahús. Tvær svefnhergisálmur, annarsvegar með tveimur barnaherbergjum og hjónaherbergi og hinsvegar með tveimur barnaherbergjum og því eru alls 5 svefnherbergi í húsinu. Úr stofunni og sjónvarpsholinu er útgengt í glæsilegan suðurgarð (verðlaunagarður) með stórrí verönd, skjólveggjum og fallegum hlöðnum stéttum.

Hellulagt bílastæði við húsið með hitalögnum undir. Húsið hefur fengið gott viðhald utan sem innan. **Ólafur B Blöndal, lgf. sýnir húsið í dag milli kl. 18 og 19**



Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur B Blöndal lgf. Gsm. 6-900-811

Fagurt útsýni til sjávar

Eignamiðlun hefur til sölu glæsilega þriggja herbergja íbúð á Löngulínu í Garðabæ.

Íbúðin er 147,6 fm að stærð á annarri hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Tvennar svalir eru í íbúðinni og úr henni er einstakt útsýni til sjávar. Íbúðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, tvö svefnherbergi, eldhús, badherbergi og þvottahús.

Komið er inn í rúmgott hol með fataskáp. Þvottahús er með flísum á gólfi og badherbergið er rúmgott og allt flísalagt. Hjónaherbergið er rúmgott og með stórum fataskáp og fallegu útsýni. Í svefnherberginu er fataskápur.

Stofan, borðstofan og eldhúsið mynda eitt stórt opið rými sem samtals um 65 fm og er með miklum útsýnisgluggum og tvennum svölum. Eldhúsinnréttingin er sérsmiðuð, háglans hvít með granít vinnuborðum, einnig er stór og mikil eldunareyja. Innbyggður vínkælir er í eldhúsinu og innfeldt uppþvottavél. Gert er ráð fyrir tvöföldum ísskáp í innréttingunni.

Stórt og rúmgott stæði í bílageymslu ásamt sérgeymslu í kjall-



Eldhúsinnréttingin er sérsmiðuð.



Íbúðin er á annarri hæð í lyftuhúsi í Garðabæ.


Fasteignasala Mosfellsbæjar
Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is
KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Rúgakur 1 - 210 Garðabær




Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja endaiðbúð á 2. hæð með fallegu útsýni í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu við Rúgakur 1 í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Glæsilegt útsýni! **Eignin er laus til afhendingar strax.** Áhvilandi er ca. 22,3 m. með 4,9% vöxtum. **V. 38,9 m. 4975**

Skólabraut - 270 Mosfellsbær



160,9 m² einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólabraut. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallegu útsýni. **Lækkað verð V. 36,9 m. 4821**

Byggðarholt 3A - 270 Mosfellsbær



Mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 fm endarahús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er eldhús, stórfasta, forstofa og hjónaherbergi. Á neðri hæð eru 2-3 rúmgóð herbergi, badherbergi m/kari og sturtu og hol. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta timburverönd í suðvestur. Topp staður, stutt í Varmáskólasvæðið sem og í miðbæ Mos. **V. 29,9 m. 3464**



Súluhöfði - 270 Mosfellsbær
Sérlega glæsileg 94,1 m² neðri sérhæð - jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi. Tvö góð svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús, badherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla. Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgirt timburverönd með skjólgrindum. Topp eign á besta stað. **V. 24,9 m. 3478**



Þverholt - 270 Mosfellsbær
Falleg 57,7 m², 2ja herb. íbúð á jarðhæð (ósamþykkt) með sérinn. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu, eldhús, svefnh. og geymslu. Eignin er miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt er í alla þjónustu, verslanir og leikskóla. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 10,8 m. 4979**



Urðarholt - 270 Mosfellsbær
Rúmgóð 91 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 22,3 m² bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö svefnherbergi, baðh., eldhús og stofu. Bílskúrinn er 22,3 m². sérgeymsla á sömu hæð, ásamt hlutdeild í sam. þvottahúsi. **V. 21,5 m. 4963**



Leirvogstunga - 270 Mosfellsbær
437 m² einbýlishúsálóð ásamt steyptri plötu og teikningum af 199,2 m² einbýlishúsi á einni hæð + ris. Skv. teikningum er gert ráð fyrir húsi sem er að mestu á einni hæð. **V. 9,0 m 5331**



Lækjarmelur - 116 Reykjavík
Ný 125 til 135 m² iðnarðarbil/geymslur með millilofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m² vinnusalur með vélslipuðu gólfi og ca. 30 m² milliloft með stálstiga og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn. Snyrtin með salerni og handlaug er í rýminu auk skoolvaski. **Verð frá 12 til 12,3 m.**



Fellsmúli - 108 Reykjavík
Rúmgóð 104,4 m², 4ra herbergja íbúð á annarri hæð við Fellsmúla 20 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, þrjú svefnherbergi, badherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 4,5 m² sér geymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,5 m 4948**



Háteigsvegur 42 - 105 Reykjavík
Björt og skemmtileg 86,9 m², 3ja herbergja kjallaraíbúð við Háteigsveg í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, geymslu, badherbergi, svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur (hægt er að nota aðra stofuna sem herbergi) Áhvilandi eru ca. 18,5 milljónir hjá íbúðalánasjóð sem mögulegt er að yfirtaka. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,6 m. 4980**



Eskihlíð - 105 Reykjavík
86,6 m² 4ra herbergja íbúð ásamt 6,2 m² geymsluskúr við Eskihlíð 13 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, badherbergi, eldhús, tvö svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur. Einni fylgir geymsluskúr á lóð auk hlutdeildar í sameiginlegu þvottahúsi og geymslu í kjallara. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 18,9 m. 4919**

Laxatunga 122 - 270 Mosfellsbær



Fallegt raðhús á einni hæð. Húsið skiptist skv. teikningu í forstofu, 2 svefnherb., badherb., eldh., þvottah., geymslu, stofu og borðstofu. Húsin eru fullbúnar að utan, einangruð og tilbúnar undir innveggi. Hiti í gólfum. Fallegt hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 17,8 millj. kr. ÍLS lán. Möguleiki á allt að 90% fjármögnun. **V. 20,6 m. 4696**



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

535_1000

Þorlákur C. Einarsson
lögg. fasteignasali
www.stakfell.is

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali



Langalína - 3ja, 4ra herb. og penthouse
FÓTBOLTI „Við fengum góð tækifæri til að skora fallettri mörk en þetta sem réði úrslitum en náðum því ekki. En við erum með bikarinn svo mér er alveg sama hvernig markið var,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari kvennaliðs Vals, eftir að liðið vann 1-0 sigur á Stjörnuni í bikarúrslitaleik.

Skemmtanagildi leiksins var því miður ekki mikið og sáralítið um opin marktækifæri. Ekki var hægt að hrópa húrta fyrir veðrinu enda blés vel á velli. Spil Stjörnuliðsins í fyrri hálfleik var alltof hægt og Valskonur áttu ekki í miklum vandræðum með að stöðva sóknaræðgerðir þess.

Í seinni hálfleik var mun betra flæði í spilamennsku Garðabæjarliðsins og skapaðist nokkrum sinnum ansi mikil hætta upp við mark Vals. En það er bagalegt fyrir Krístrúnu Kristjánsdóttur að sjálfsmarkið sem hún skoraði á tólfstu mínútu var það sem skildi liðin að.

Markið var verulega slysalegt en báðir deildarleikir þessara liða enduðu með jafntefli. „Okkar leikur riðlaðist þegar Kata [Katrín Jónsdóttir] fór meidd af velli. Laufey [Ólafsdóttir] er ekki í toppleikæfingu en hún er frábær leikmaður og gerði ótrúlega hluti í lokin,“ sagði Freyr sem var virkilega ánægður með sitt lið.

„Við höldum alveg leikskipulaginu allan tímann og höldum markinu hreinu. Mér fannst við vera með tögl og hagdir í leiknum allan tímann. Það var einhverjuastað upp í loftið í lokin en heilt yfir vorum við betri aðilinn.“



BIKARMEISTARAR Í TÓLFTA SINN Valskonan Rakel Logadóttir var í stuði með bikarinn í verðlaunafhendingunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Valsliðið byrjaði leikinn af nokkrum krafti og Katrín fékk hörkufæri strax í byrjun en skalli hennar fór framhjá. Næst komst Stjarnan því að skora í fyrri hálfleik þegar Anna Björk Kristjánsdóttir fékk hættulegt skallafæri eftir horn.

Undir blálokin var nokkurt stress í varnarliðu Vals þegar boltinn var á flakki um teiginn en inn vildi hann ekki og bikarinn því áfram á Hlíðarenda.

Freyr er alls ekki kominn með

leið á því að vinna titla með Val. „Maður rakar þessu inn, maður. Við höldum bara áfram að vinna eftir okkar markmiðum og fáum aldrei leiða á að vinna titla,“ sagði Freyr en nú tekur deildarkeppnin við og markmið Vals þar eru augljós.

„Við setjum stefnuna á að vinna hundraðasta bikar Vals. Vonandi náum við því markmiði. Svo er það Evrópukeppnin, það er nóg eftir af þessu.“

elvargeir@frettabladid.is

Ólafur, þjálfari Stjörnunnar: Hundfúlt að tapa svona

FÓTBOLTI Ólafur Guðbjörnsson, þjálfari Stjörnunnar, var svekktur eftir leik. „Það er hundfúlt að standa hér og horfa á Val taka við bikarinn eftir að hafa unnið leikinn á þessu marki,“ sagði Ólafur. „Þetta er þriðji leikurinn sem við spilum við þær í sumar og að þetta mark skuli ráða úrslitum í þessu er bara mjög svekkjandi.“

„Það tók tíma að ná skjálftanum úr liðinu, það þurfti þetta mark til þess,“ sagði Ólafur. „Nú er bara að einbeita sér að deildinni þar sem er fjórir leikir eftir. Við ætlum okkur ofar í deildinni og stefnum á tólf stig úr þessum leikjum.“

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði Vals, var öllu kátari eftir leik. „Þetta var rosalegur baráttuleikur og lítið um færi. Mark er mark og sigur er sigur. Það skiptir ekki máli hvernig sigur verður til.“

Katrín missteig sig illa í leiknum og þurfti að fara af velli. „Það dugði ekki að teipa þetta og því fannst mér rétt að fá ferskar fætur inn. Það var hryllilegt fyrir taugarnar að vera fyrir utan völinn og horfa á þetta,“ sagði Katrín. - egm

Keflavíkingar á fullu í futsal: Sigur og tap

FÓTBOLTI Keflvíkingar unnu á laugardag fyrsta sigur íslensks liðs í Evrópukeppninni í futsal en þeir urðu síðan að sætta sig við stórt tap í gær. Keppni í G-riðli undankeppni Evrópukeppninnar fer fram á Ásvöllum og lýkur með lokaumferðinni á morgun.

Keflavík vann 10-6 sigur á sænska liðinu Vimmerby þar sem Magnús Þorsteinsson skoraði fernu og Guðmundur Steinarsson var með tvö mörk.

Keflavík komst síðan í 2-0 á KB France í gær en fékk síðan 14 mörk á sig í röð og tapaði leiknum á endanum 5-17. - óbj



Mánudagurinn 16. ágúst

Haukar – Stjarnan kl. 19:15
Vodafonevöllurinn

Fylkir – Valur kl. 19:15
Fylkisvöllur

Breiðablik – ÍBV kl. 19:15
Kópavogsvöllur

Selfoss – Keflavík kl. 19:15
Selfossvöllur

Fimmtudagurinn 19. ágúst

Grindavík – FH kl. 19:15
Grindavíkuvöllur

KR – Fram kl. 19:15
KR-völlur

HLAUPALEIÐIR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM

Nýtt og betra skipulag

- 7-8 ára - 1,5 km**
Rástími kl. 13.30. Rás- og endamark á Bjarkargötu.
- 6 ára - 1,5 km**
Rástími kl. 13.50. Rás- og endamark á Bjarkargötu.
- 5 ára - 700 m**
Rástími kl. 13.30 í Sóleyjargötu. Endamark í Hljómskálagarði.
- 4 ára - 700 m**
Rástími kl. 13.40 í Sóleyjargötu. Endamark í Hljómskálagarði.
- 3 ára og yngri 700 m**
Rástími kl. 13.50 í Sóleyjargötu. Endamark í Hljómskálagarði.

Skemmtidagskrá að loknu hlaupi.

Upplýsingatjald og „tjind börn“.

27 REYKJAVÍKUR MARAÞON ISLANDSBANKA 21. AGÚST 2010

ENSKI BOLTINN

Enska úrvalsdeildin

Tottenham-Manchester City	0-0
Aston Villa-West Ham	3-0
1-0 Stewart Downing (15.), 2-0 Stilian Petrov (40.), 3-0 James Milner (66.)	
Blackburn-Everton	1-0
1-0 Nikola Kalinic (14.)	
Bolton-Fulham	0-0
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn.	
Sunderland-Birmingham	2-2
1-0 Darren Bent, viti (24.), 2-0 Sjálfsmark (55.), 2-1 Scott Dann (77.), 2-2 Liam Ridgewell (88.)	
Wigan-Blackpool	0-4
0-1 Taylor-Fletcher (16.), 0-2 Marlon Harewood (37.), 0-3 Harewood (42.), 0-4 Baptiste (74.)	
Wolves-Stoke	2-1
1-0 David Jones (36.), 2-0 Steven Fletcher (38.), 2-1 Abdoulaye Diagne-Fayé (54.)	
Chelsea-West Bromwich	6-0
1-0 Florent Malouda (6.), 2-0 Didier Drogba (45.), 3-0 Drogba (55.), 4-0 Frank Lampard (62.), 5-0 Drogba (68.), 6-0 Malouda (90.)	
Liverpool-Arsenal	1-1
1-0 David Ngog (46.), 1-1 Sjálfsmark (90.)	

Nýliðaævintýri Blackpool:
Vorur á toppnum í tvo tíma

FÓTBOLTI Nýliðar Blackpool komu öllum á óvart með því að vinna 4-0 útisigur á Wigan í fyrsta leik liðsins í efstu deild í 39 ár. Marlon Harewood skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í fyrri hálfleik. „Ég er rosalega stoltur af strákunum en við þurfum að halda báðum fótum á jörðinni því það er löng leið fram undan,“ sagði Ian Holloway, stjóri Blackpool, en liðið fór á toppinn í tvo tíma þar til að Chelsea rúllaði yfir aðra nýliða, þá í West Brom. „Ég ætla samt að taka mynd af töflunni og leggjast í helgan stein því við munum aldrei vera svona ofarlega í töflunni aftur,“ bætti Holloway við í gríntóni. - 66j



SJÁLFSMARKIÐ Pepe Reina, markvörður Liverpool, horfir hér á eftir boltanum leka yfir marklínuna.

MYND/AP

Sleipir hanskar hjá Reina

Liverpool var nálægt því að vinna sigur á Arsenal í fyrsta leiknum undir stjórn Roy Hodgson þrátt fyrir að leika manni færri allan seinni hálfleikinn.

FÓTBOLTI Það er stutt milli þess að vera hetja eða skúrkur í boltanum. Það fékk spænski markvörðurinn Pepe Reina að kynna sig í 1-1 jafntefli Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær. Aðeins nokkrum mínútum eftir að Pepe Reina hafði sýnt heimsklassa markvörslu og yirst vera að tryggja sínum mönnum þrjú stig þá gerði hann slysalegt mistök sem kostuðu klaufalegt sjálfsmark og tvö glötuð stig.

Pepe Reina, markvörður Liverpool, varð fyrir því óláni að missa boltann í netið á 90. mínútu eftir að Marouane Chamakh hafði sett boltann í stöngina. Þegar Reina ætlaði að gripa frákastið missti hann boltann hins vegar frá sér og boltinn skreið yfir marklínuna.

„Það var frekar svekkjandi að tapa tveimur stigum í lok leiksins en þetta var stórbrotin frammistaða hjá liðinu eftir að hafa spilað allan seinni hálfleikinn manni færri,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool eftir leikinn. „Pepe Reina er niðurbrotinn. Hann stóð sig mjög vel í þessum leik þar sem hann spilaði meiddur á öxl. Það var leiðinlegt að þetta endaði svona en við erum stoltir af frammistöðunni,“ bætti Hodgson við.

Joe Cole fékk rautt spjald á lokamínútu fyrri hálfleiks fyrir harða tæklingu á Laurent Koscielny.

„Það var enginn ásetningur hjá Joe Cole að brjóta á manninn. Þetta leit verr út en það í rauninni var,“ sagði Hodgson um rauða spjaldið hjá Joe Cole. Þetta

var fyrsta rauða spjald Coles á ferlinum og það kom í fyrsta deildarleiknum hans í búningi Liverpool.

Liverpool kom Arsenal á óvart í upphafi seinni hálfleiks þegar David N'Gog kom Liverpool yfir á fyrstu mínútu seinni hálfleiks með því að afgreiða sendingu Javiers Mascherano inn í teiginn með frábærum hætti upp í markhornið.

„Það var erfiðara að spila ellufu á móti tíu. Þeir vörðust djúpt og mjög vel. Þeir reyndu að taka flæðið úr okkar leik. Ég vil hrósa mínum mönnum fyrir að halda áfram og ná að jafna leikinn. Það er alltaf hægt að sætta sig við jafntefli á útivelli á móti Liverpool,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. ooj@frettabladid.is

Pepsi-deild karla í fótbolta: Toppliðin mætast í kvöld

FÓTBOLTI Það verður toppleikur í Pepsi-deild karla í kvöld þegar topplið Eyjamanna sækir Blikana heim í Kópavoginn. ÍBV hefur tveggja stiga forskot á Breiðablik og getur því náð fimm stiga forskoti með sigri þegar aðeins sex umferðir eru eftir.

Blikar hafa unnið þrjú síðustu heimaleiki sína með markatölunni 11-1 og eru erfiðir heim að sækja. Þetta verður fyrsti leikur ÍBV-liðsins utan Vestmannaeyja í 40 daga eða síðan Eyjamenn unnu Stjörnuna, 0-2, 4. júlí.

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og þá spila líka Haukar-Stjarnan og Fylkir-Valur. - 66j

Didier Drogba með þrennu: Byrjaði eins og hann endaði

FÓTBOLTI Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, var ekki að missa sig yfir 6-0 sigur liðsins á West Brom í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar. „Þetta lið getur sýnt svona spilamennsku og skorad fullt af mörum. Við áttum erfið undirbúningstímabil en allt er í góðu lagi og ég er ánægður með góðan leik minna manna,“ sagði Carlo Ancelotti.

Didier Drogba skoraði þrennu í leiknum alveg eins og í lokaleik síðasta tímabils þar sem hann var markakóngur með 29 mörk. „Hann var frábær í þessum leik, ekki bara af því að hann skoraði heldur vann hann einnig vel fyrir liðið,“ sagði Ancelotti. - 66j

Til hamingju með sigurinn!



FH til hamingju með
VISA-bikarmeistaratitil karla

GR vann tvöfalt og Ragnhildur Sigurðardóttir vann sveitakeppnina í tólfta sinn:

Leið eins og ungamömmu

GOLF Golfklúbbur Reykjavíkur tryggði sér sigur í bæði karla- og kvennaflokki í Sveitakeppni GSI sem lauk í gær. Karlarnir unnu titilinn í 23. sinn eftir 3,5-1,5 sigur á Kili í úrslitaleiknum en konurnar unnu í fjórtánda sinn eftir 4-1 sigur á heimastúlkum í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar.

Ragnhildur Sigurðardóttir var öflug með kvennasveit GR en hún vann alla sína leiki í keppninni. Ragnhildur var að taka þátt í sveitakeppninni 27. árið í röð og vann hana þarna í tólfta sinn. „Þetta var æðislegt. Þetta er svolítið sérstakt núna því það eru fleiri í liðinu og fleiri leikir spilaðir. Áður gekk þetta mikið á sömu leikmönnum en núna þarf maður að hafa miklu meiri breidd í liðinu,“ sagði Ragnhildur sem var ánægð með sveitina sína.

„Þær eru svo frábærar og við erum með rosalegan breiðan og

góðan hóp af ungum kylfingum. Þær eru allar á aldrinum 16 til 18 ára nema ég. Maður var ungamamma þarna og það var alveg meiri háttar,“ segir Ragnhildur.

Dóttir hennar, Hildur K. Þorvarðardóttir, var í sveit GR og urðu þær mæðgur því saman meistara í fyrsta sinn. „Þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitillinn hennar og það er gaman að fá að vera með henni í því,“ sagði Ragnhildur sem ætlaði ekki að keppa í sumar en það breyttist allt á Íslandsmóti á dögunum.

„Ég ætlaði að taka mér frí í sumar en eftir Íslandsmótið þar sem ég var kylfusveinn hjá dóttur minni þá sá ég það að ég gat ekki tekið mér frí neitt meira,“ sagði Ragnhildur.

GR vann nú tvöfaldan sigur í sveitakeppninni í fyrsta sinn síðan 1999 en þetta er í sjöunda sinn sem GR-ingar vinna bæði í karla- og kvennaflokki.



TÓLFTI SIGURINN Ragnhildur Sigurðardóttir í GR. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Knattspyrnufélag ÍA auglýsir eftir þjálfurum



Knattspyrnufélag ÍA auglýsir eftir þjálfara fyrir afrekshóp félagsins sem og aðstoðarþjálfara m.fl. karla félagsins. Jafnframt þarf umsækjandi að vera tilbúinn til að taka að sér þjálfun hjá yngri flokkum félagsins. Um er að ræða fullt starf hjá félaginu.

Leitað er að metnaðarfullum einstakling sem er tilbúinn í að leggja sitt af mörkum til að efla afrekshóp og vinna samkvæmt stefnu félagsins.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 1. október n.k. Reynsla af þjálfaraströrfum og þjálfaramenntun frá KSÍ skilyrði.

Knattspyrnufélag ÍA auglýsir eftir þjálfurum fyrir 2. og 3. flokk kvenna hjá félaginu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir í að leggja sitt af mörkum til að efla og móta það uppbyggingarstarf sem unnið er að í kvennaknattspyrnu hjá félaginu. Einstaklingurinn þarf að geta starfað eftir stefnu félagsins.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Reynsla af þjálfaraströrfum og þjálfaramenntun frá KSÍ skilyrði.

Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 25. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar og umsóknir berist til framkvæmdastjóra KFÍA á netfangið kfia@kfia.is.

ÍR-ingar unnu Bikarkeppni FRÍ annað árið í röð og í níttjándna sinn frá upphafi:

Kristín Birna safnaði stigunum

FRJÁLSAR ÍR-ingar tryggðu sér um helgina sigur í Bikarkeppni FRÍ annað árið í röð og í níttjándna sinn alls þegar þeir fengu sextán stigum meira en aðalkeppinautarnir í FH en keppnin fór fram á Sauðárkróksvelli. ÍR fékk alls 173 stig, FH varð í 2. sæti með 157 stig og Ármann-Fjöltnir varð í 3. sæti með 135 stig.

Kristín Birna Ólafsdóttir var öflug fyrir ÍR-inga um helgina. „Þetta var vöðalega gaman og

gekk vel. Við erum búin að vinna öll mót í ár og ég held að við séum búin að sýna fram á það að við erum með sterkasta liðið,“ sagði Kristín Birna sem vann fimm greinar og varð síðan í öðru sæti í langstökki þar sem hún var aðeins sex sentimetrum frá sigri.

„Það vantaði slatta í liðið hjá okkur, þar á meðal Einar Daða og Jóhönnu Ingadóttur. Af því að við erum með svo mikið af góðu fólki þá kemur bara maður í manns

stað þó að sumt af okkar besta fólki vanti. Það sýnir bara það að við erum með langsterkasta liðið. Þetta var því mjög skemmtileg helgi,“ sagði Kristín.

FH vann karlakeppnina í 21. skipti en FH-ingar fengu 23 stigum meira en ÍR sem varð í öðru sæti.

ÍR vann kvennakeppnina í fjórtánda sinn en ÍR fékk 28 stigum meira en Ármann/Fjöltnir sem varð í öðru sæti.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.

Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

VISA BIKARINN 2010

VALITOR



Valur til hamingju með
VISA-bikarmeistaratitil kvenna



> Jorge Garcia

„Ég er mjög spenntur að vita til þess að fólk í tónlistarverslunum, þar sem ég vann einu sinni, mun nú taka upp nýja plötu með andlitinu á mér framan á.“

Jorge Garcia leikur eitt hlutverka í spennuþáttaröðinni Lífsháski, sem er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 21.15. Hljómsveitin Weezer, gaf nýlega út plötu þar sem andlit Garcia prýðir umslag hennar.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FAGNAR SÆNSKUM FÆÐINGUM

Tár, bros og tilfinningasveiflur

Þegar ég var barnshafandi í Noregi hóf þátturinn Jordmadrerne göngu sína á NRK. Ég fylgdist grannt með fyrsta þættinum og drakk í mig hvernig lífið á fæðingarganginum gekk fyrir sig. Þegar ég sagði ljósmóður minni í einni mæðraskoðuninni að ég hafði verið að horfa á þenna þátt varaði hún mig við. Sagði að þar sem ég væri í þann mund í að ganga í gegnum þessa þrekaun sem barnsfæðing er, og var í mínu tilfelli, gæti ég fengið allskyns ranghugmyndir um þennan atburð. Engin fæðing er lík, sagði ljósan og ráðlagði mér að vera ekkert að eyða meðgöngunni í að upplifa fæðingar annarra. Ég hlýddi enda einstaklega lækna- hlýðin og horfi ekki á einn þátt eftir það.

Ég var því fyrir mjög sátt um daginn þegar ég datt niður á þátt um sænsku ljósmæðurarnar á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Hudðinge á RÚV. Betri helmungurinn ragnhvöfði augnum þegar hann sá hvað



var í vændum og flúði með tölvuna inn í herbergi. Hann getur með engu móti skilið að ég vilji horfa á ókunnugar konur fæða barn. En það er eitthvað sjarmerandi við þennan þátt. Kannski er vegna þess að hann endurspeglar raunveruleikann og dregur ekkert undan.

Undirrituð sat allavega límd við skjáinn í tilfinningarússíbana. Með bros á vör og tár á hvarmi. Fagnaði komu sænskra barna í heiminn og dádíast að starfi það skemmtileg hefð.

ljósmæðrana. Fannst frábært að sjá þær rulla bakka inn á stofurnar eftir fæðingarnar með sænska fánann, kampavín og snúða. Mikið er það skemmtileg hefð. Ég fann til með konunum í sjálfri fæðingunni og það lá við að ég hrópaði „koma svo“ á skjáinn. Svo innlífuð var ég. Þarna er raunveruleikaráttur á ferðinni eins og þeir gerast bestir. Þriðjudagskvöldin verða helguð sænskum fæðingum á næstunni.

MÁNUDAGUR



19.00 Breiðablik - ÍBV, bein úts. STÖÐ 2 SPORT



20.00 The Boy in the Striped Pyjamas STÖÐ 2 BÍÓ



20.10 Kitchen Nightmares SKJÁREINN



21.15 Lífsháski SJÓNVARPIÐ



22.20 Torchwood STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Áfangastaðir - Fjölfarnar gönguleiðir (4:12)
- 17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Breiðamerkursandur (13:24)
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Út í bláinn (Pakat & klart somm-ar)
- 18.00 Sammi (20:52)
- 18.07 Franklín (27:65)
- 18.30 Skúli skelfir (7:52)
- 18.40 Risabjörninn
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Pillur við öllu (Pill Poppers) Heimildamynd frá BBC.
- 21.05 Dýralíf (Animal Fillers)
- 21.15 Lífsháski (Lost VI) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótþolta.
- 23.05 Leitandinn (7:22) (Legend of the Seeker) Bandarísk ævintýraþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.50 Framtíðarleiturfur (15:22) (Flash Forward) (e)
- 00.35 Kastljós (e)
- 01.10 Fréttir (e)
- 01.20 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Paris, Texas
- 10.20 Scoop
- 12.00 Space Jam
- 14.00 Paris, Texas
- 16.20 Scoop
- 18.00 Space Jam
- 20.00 The Boy in the Striped Pyjamas
- 22.00 Man in the Iron Mask
- 00.10 Man About Town
- 02.00 The Great Raid
- 04.10 Man in the Iron Mask

STÖÐ 2

- 06.59 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakarnir í næsta húsi
- 08.14 Oprah
- 08.54 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (4:6)
- 10.50 Cold Case (12:22)
- 11.45 Falcon Crest II (10:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (3:24)
- 13.30 Samurai Girl - Book of the Sword
- 15.00 ET Weekend
- 15.55 Saddle Club
- 16.18 Barnatími Stöðvar 2 Apaskólinn, Könnuðurinn Dóra, Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (12:22)
- 18.23 Veður Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (15:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (13:22) (13.22)
- 20.10 So You Think You Can Dance (16:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 6 bestu dansararnir eru eftir í keppninni.
- 21.35 So You Think You Can Dance (17:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram.
- 22.20 Torchwood (7:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsvit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.
- 23.15 Cougar Town (9:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar einstæðrar móður unglingsdrengs.
- 23.40 White Collar Spennu- og gamanþáttur um sjálfmörning og svikahráppinn Neil Caffrey.
- 00.40 Gavin and Stacy (4:7)
- 01.10 Samurai Girl - Book of the Sword
- 02.35 Sugar Hill
- 04.35 The Simpsons (12:22)
- 05.00 Cold Case (12:22)
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT besta sætið

- 14.30 PGA Championship 2010 Sýnt frá lokadegi PGA Championship mótsins í golfi en til leiks voru mættir flestir af bestu kylfingum heims.
- 19.00 Breiðablik - ÍBV Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 21.15 Sigurður Jónsson Fimmtíu þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Sigurð Jónsson og ferill hans skoðaður.
- 22.00 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
- 22.40 Breiðablik - ÍBV Sýnt frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 00.30 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Liverpool - Arsenal Sýnt frá leik Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.30 Bolton - Fulham Sýnt frá leik Bolton og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.20 Football Legends - Charlton Að þessu sinni verður fjallað um Bobby Charlton sjálfan.
- 17.50 Premier League Review 2010/11 Fluttur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.
- 18.50 Man. Utd. - Newcastle Bein útsending frá leik Man. Utd og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2010/11 Fluttur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir í þaula.
- 22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
- 22.30 Man. Utd. - Newcastle Sýnt frá leik Man. Utd og Newcastle.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dynasty (12:30) (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Dynasty (13:30)
- 17.30 Rachael Ray
- 18.15 Top Chef (11:17) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (6:15) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
- 19.45 King of Queens (6:13) Bandarískir gamanþættir um turtíldúfurnar Doug og Carrie.
- 20.10 Kitchen Nightmares (3:13) Kjafftóri kokkurinn Gordon Ramsay heim-sækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.
- 21.00 Three Rivers (11:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölnur til að bjarga sjúklingum sínum.
- 21.45 CSI New York (2:23) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagana hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 22.35 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglign Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.20 The Cleaner (9:13) (e) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki.
- 00.05 In Plain Sight (8:15) (e) Sakamála-sería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnavemdina.
- 00.50 Leverage (5:13) (e)
- 01.35 King of Queens (6:13) (e)
- 02.00 Pepsi MAX tónlist



- 20.00 Eldhús meistaranna Maggi og Bjössi á Panóramaþakinu.
- 20.30 Golf fyrir alla Fjórða og fimmta braut leiknar á Hamarsvelli með Jonna, Hansa og Bjarka.
- 21.00 Frumkvöðlar Haukur Guðjónsson er gestur Elinóru Ingu Sigurðardóttur.
- 21.30 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur og eldhúsmeistara í öndvegi.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Fitulítill og próteínrík...

... og passar með öllu



www.ms.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance

Úrslitaslagurinn heldur áfram og sex bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram. Í síðasta þætti þurfti hinn sigurstranglegi Alex að hætta keppni vegna meiðsla og spennandi að sjá hvaða áhrif það hefur á keppnina.



VIÐ MÆLUM MEÐ Man. Utd. - Newcastle, bein útsending

Stöð 2 Sport 2 kl. 18.50

Tekst Manchester United að endurheimta hinn eftirsóttá Englandsmeistaritil?



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst	12.45 Veðurfregnir	2010
06.50 Bæn	13.00 Hringisól	20.00 Leynifélagið
07.03 Vitt og breitt	14.03 Bak við stjórnunar	20.30 Kvika
08.00 Morgunfréttir	15.03 Útvarpssagan: Eldfórinn	21.10 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
08.05 Morgunstud með KK	15.25 Fólki og fræði	21.30 Kvöldsgagan: Gatsby hinn mikli
08.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir	22.10 Orð kvöldsins
09.05 Okkar á milli	16.05 Á sumarvegi	22.25 Girmi, grúsk og gloriur
09.45 Morgunleikfimi	17.03 Víðsjá	23.15 Lostafulli listræninginn
10.03 Veðurfregnir	18.00 Kvöldfréttir	23.50 Þjóðsagnalestur
10.13 Stefnumót	18.22 Syrpan	00.05 Næturtonar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.50 Veðurfregnir	
12.20 Hádegisfréttir	19.00 Húslestrar á Listahátíð	
FM 88,5 XA-Radíó	FM 95,7 FM957	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 96,3 FM Suðurland	FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 91,9 Kaninn	FM 97,7 X-ið	FM 105,5 Útvarp Boðun
FM 93,5 Rás 1	FM 98,9 Bylgjan	

EXTRA

19.30 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem helst brenna á okkur.

20.15 E.R. (11:22) Síðgildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Monk (8:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrian Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.30 Lie to Me (10:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.

23.15 The Tudors (4:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvern alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.

00.05 E.R. (11:22)

00.50 The Doctors

01.35 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjórnar eru.

02.00 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.05 Fawley Towers 12.35 Fawley Towers 13.05 Fawley Towers 13.35 My Family 14.05 My Family 14.35 Last of the Summer Wine 15.05 Dalziel and Pascoe 15.55 The Weakest Link 16.40 Monarch of the Glen 17.30 Fawley Towers 18.00 QI 18.30 Little Britain 19.00 Saxondale 19.30 Judge John Deed 20.20 Little Britain 20.50 QI 21.20 Come Dine With Me 21.45 The Jonathan Ross Show 22.35 EastEnders 23.05 Primeval 23.55 Fawley Towers

DR 1

12.00 Diagnose soges 12.30 Danmark ser grønt 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.05 Radiserne 14.30 Juniper Lee 14.50 Alfred 15.00 Mad i kassen 15.15 Klassen 2b 15.30 Stor & Lille 15.40 Postmand Per 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Søren Rye præsenterer 18.00 Flådens historie 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Horisont Special 20.25 Taggart 21.35 OBS 21.40 Ud af tavsheden 22.40 Naruto Uncut 23.00 Boogie Mix

NK1

12.20 Uteliv om høsten 12.50 Solens mat 13.20 Ut i naturen 13.45 Poirot 14.40 Jakten på Storbritannias gjerrigste person 15.05 30 Rock 15.30 Tingenes tilstand 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tinas mat 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Hannas hjerte 18.45 Gilrnt av Norge 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Garrows lov 20.30 Med spriten som følgesvenn 21.00 Kveldsnytt 21.15 Krøniken 22.10 Skjønnheitsprinsesser 23.10 Husdrømmen 23.40 Sport Jukeboks

SVT 1

12.25 Flicka i kasern 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Föruft och känsla 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Det goda livet 17.05 Hemliga svenska rum 17.20 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Val 2010. Tom Alandh i Sverige 18.30 Djursjukhuset 19.00 Kvalster 20.00 Utanför kärleken 21.45 STCC 22.40 Ruths gubbar 23.35 Kriminalhistoriska berättelser

ÚTSALAN

Í FULLUM GANGI



20% afsláttur

Ísskápar



15% afsláttur

Pvottavélar



18% afsláttur

Purrkarar



30% afsláttur

Háfar



25% afsláttur

Bakaraofnar



18% afsláttur

Upppvottavélar

Myndir hér að ofan eru leiðbeinandi fyrir þann vöruflokk sem er á útsölu. Afsláttur er af verðlistaverði Rönning.


- Reykjavík · Skútuvegur 1 · Sími 562 4011
- Akureyri · Draupnigata 2 · Sími 460 0800
- Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING



„Ég syng nú oftast á ferðalögum. Það eru aðallega lög eftir veidifélagið Oddhvassa tinda, sem ég er meðlimur í. Lög á borð við Bak við þessa oddhvössu tinda, Bíll með engum númerum á, Dansaði og svo náttli lengi telja. Ef ég er ekki að syngja hlusta ég á þýskt teknó.“

Jón Atli Helgason, tónlistarmaður og hárdoktor.



LÁRÉTT

2. afar, 6. frá, 8. bar, 9. æxlunarkorn, 11. berist til, 12. tornæmur nemandi, 14. nafngift, 16. tveir eins, 17. væta, 18. umfram, 20. tveir eins, 21. fimur.

LÓÐRÉTT

1. sett, 3. í röð, 4. allsleysi, 5. varkárni, 7. dýr, 10. þrá, 13. sigti, 15. nudda, 16. kóf, 19. bókstafur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. lægt, 3. jk, 4. öðbrigði, 5. gát, 7. froskur, 10. ósk, 13. sía, 15. agi, 18. auk, 20. öð, 21. frá. LÁRÉTT: 2. mjög, 6. af, 8. krá, 9. gró, 11. bt, 12. tossi, 14. skírn, 16. kk, 17. niða, 19. ká, 20. ká, 19. ká.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Angelina Jolie.
- 2 Stjórnarskráin.
- 3 The Charlies.



BURSTAR í vél-sópa á lager

- flestar stærðir



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Klúðruðu nafni Hauks á kreditlista

„Ég hef heitið ýmsum nöfnum en aldrei mínu eigin á þessum kreditlistum. Þeim tekst alltaf að klúðra þessu,“ segir brellumeistarinn Haukur Karlsson um ævintýramyndina The Last Airbender sem hann vann við á Grænlandi í fyrra ásamt Jóhannesi Sverrisyni.

Haukur er nýbúinn að sjá myndina í bíó og þar var hann titlaður sem Hakkur Karlsson á listanum yfir fólkíð sem vann við myndina. „Þeir finna alltaf eitthvað nýtt,“ segir hann og hlær, greinilega ýmsu vanur. Haukur hefur unnið við margar Hollywood-myndir, þar á meðal Bond-myndina Die Another Day, Lara Croft: Tomb Raider og Flags of Our Fathers. Aðspurður segist hann ekki hafa fengið boðsmíða á frumsýningu The Last Airbender í Hollywood. „Maður má þakka fyrir ef þeir muna eftir því að setja mann á kreditlistann.“

Haukur segist ekki hafa heillast af myndinni, sem M. Night Shyamalan, höfundur The Sixth Sense, leikstýrði. „Mér fannst hún ekki hanga nógu vel saman en það breytir því ekki að ég fékk ekkert minna borgað fyrir að vinna við hana og það var alveg jafngaman að vera á Grænlandi. Ég hef unnið í fullt af vöndum bíómyndum. Það vantar ekkert upp á það.“

Brellurnar sem hann vann við komu þó vel út. „Þetta eru í rauninni fyrstu 6 til 7 mínúturnar það sem við gerðum í Grænlandi. Þar er verið að elta selaspor út um allt. Við bjuggum til mjög fyndna selsheifaskó sem ég þurfti að labba kiðfættur með um hálf Grænland til að búa til þessi selaspor. Allt sem við gerðum komst í myndina, sem gerist nú ekki alltaf. Það er gaman að því,“ segir Haukur. - fb



BRELLUMEISTARAR Jóhannes Sverrisson og Haukur Karlsson, brellumeistarar. Framleiðendum The Last Airbender tókst að klúðra nafni Hauks á kreditlistanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RÚNAR RÚNARSSON: ÆTLAR AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGUNNI

Flytur heim og hefur tækur á kvikmyndinni Eldfjall

„Það má segja að ég hafi alltaf verið að hlaupa 10 km en er núna að hlaupa maraþon,“ segir Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður en hann er þessa dagana að undirbúa tækur á sinni fyrstu mynd í fullri lengd og ber hún nafnið Eldfjall. Rúnar hefur hingað til verið að gera stuttmyndir og var meðal annars tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina The Last Farm, eða Síðasti bærinn.

„Ég er búinn að vera með þessa mynd í kollinum síðustu sex árin þannig að ég er mjög glaður að verkefnið sé farið af stað. Loksins,“ segir Rúnar en hann bæði leikstýrir og skrifar handritið á myndinni. „Við vorum að klára að ráða leikara og erum nú að finna tókustaði,“ segir Rúnar en myndin Eldfjall verður tekin upp í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Kvikmyndin fjallar um mann sem stendur á tímamótum í lífi sínu og fær áhorfandinn að fylgjast með hvernig maðurinn tekur á breytingunum. Aðalhlutverkin í myndinni eru í höndum leikaranna Theodórs Júlíussonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur. „Án þess að gefa upp of mikið byrjar myndin á því að maðurinn fer á eftirlaun en hann er þannig karakter að hann á erfitt með að tjá tilfinningar sínar,“ segir Rúnar og bætir við að inni í manningum kraumar kvika sem finnur sér einhvern veginn leið til að brjótast út og þaðan kemur nafnið á myndinni, Eldfjall. Hún er framleidd af Zik Zak kvikmyndum og stefnir Rúnar á að frumsýna myndina hér og í Danmörku með vorinu.

Rúnar er nýfluttur heim frá Kaupmannahöfn eftir átta ára dvöl þar sem hann kláraði nám og var að vinna en með honum flytur kona hans og barn. „Það má segja að ég sé pólitískur flóttamaður sem snýr aftur og nú vil ég taka þátt í upp-



MEÐ MYNDINA Í KOLLINUM Í SEX ÁR Rúnar Rúnarsson er að hefja tækur á myndinni Eldfjall í byrjun september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

byggingunni eftir eyðilegginguna,“ segir Rúnar og bætir við að hann

sé mjög sáttur við að vera kominn heim. alfrun@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Blaðakonan og rithöfundurinn **Tobba Marín-ósdóttir** sást snæða á veitingastaðnum Fiskmarkaðnum á fimmtudaginn var. Tobba sat til borðs með ýmsum þekktum einstaklingum og má þar nefna tiskuspekúlantinn

Kalla Berndsen og leikarann Árna Pétur Guðjónsson.

Blaðakonan virtist skemmta sér hið besta og deildi smakkréttum með borðfélögum sínum.

Tobba gaf nýverið út bókina Makalaus og hefur hún hlotið mikilla vinsælda. Ný bók er væntanleg frá henni á næsta ári og er það eins konar leiðarvísir fyrir konur og svipar svoltið til bókarinnar sem Gillz gaf út fyrir stuttu. Í bókinni kennir Tobba stúlku hvernig skuli haga sér og fjallar víst nokkuð um hanastél. Það kom því á óvart að blaðakonan hafi ekki smakkað einn af þeim fjölmörgu kokteilum sem í boði eru á Fiskmarkaðnum heldur aðeins drukkið hvítvín. Kalli Berndsen fékk sér aftur á móti einn ískaldan mojito með matnum eins og sönnnum tiskuspekúlant sæmir.

Eins og kunnugt er orðið mættust lið FH og KR í úrlitaleik bikarkeppninnar á laugardaginn var. Leiknum lauk með 4-0 sigri FH-manna, en þeir skoruðu meðal annars tvö mörk út vítaspyrnu. KR-ingar voru margir ósáttir við dómgæslu dómarans Erlends Eiríkssonar og telja þeir hann ekki hafa verið algjörlega hlutlausan þar sem Erlendur er Hafnirfingur og býr skammt frá Kaplakríka þar sem FH hefur aðstöðu sína. Aðrir telja þó að Erlendur hafi sinnt starfi sínu með sóma.

Klámsöngleikur fær góða dóma

Söngleikur byggður á ævi Lindu Boreman, aðalleikkonu klámmyndarinnar umdeildu Deep Throat, fær jákvæða dóma í breskum fjölmiðlum.

Söngleikurinn var frumsýndur á stærstu leikhúshátíð í heimi, Edinborg Fringe Festival, fyrir skömmu. Einn af framleiðendum hans er Óskar Eiríksson, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu.

Netsíðan The Public Reviews gefur sýningunni þrjár stjörnur af fimm mögulegum. „Söngleikur um þessa frægu klámmyndaleikkonu hljómar undarlega en þetta ævisögulega verk um Lindu Boreman (Lindu Lovelace) er bæði óvænt og einstakt,“ segir í dómunum. „Lífi hennar er fylgt eftir með kraftmiklum rokkögum. Lovelace er í heildina skemmtilegt og vel samið verk. Áhorfendurnir fá góða

innsýn í erfitt líf Lovelace og það hvernig hún losnaði úr hlekkjunum.“ Gagnrýnandinn líkir verkinu einnig við söngleikinn Tommy með hljómsveitinni The Who.

Söngleikurinn fær enn betri dóma á síðunni Edinburghfestival. list.co.uk, eða fjórar stjörnur af fimm. „Þessi rokkópera fer langa leið með að bjarga umfjöllunarefni sínu, Lindu Boreman, frá því að vera að eilífu tengd við persónuna Lindu Lovelace og klámmyndina Deep Throat frá árinu 1972,“ segir í dómunum.

Söngleikurinn var fyrst sýndur í Los Angeles í janúar í fyrra og gekk í hálf

ÓSKAR EIRÍKSSON Óskar er einn af framleiðendum söngleiksins.



LINDA LOVELACE Söngleikur um ævi aðalleikkonu Deep Throat fær góða dóma í Bretlandi.

ár við góðar undirtektir. Hann verður sýndur í fjórar vikur, sjö

sinnnum í viku, á Edinborg Fringe Festival. Eftir það kemur í ljós hvort hann verður sýndur víðar um Evrópu. - fb

ÚTSAULA

BÍLMAGNARAR MP3 SPILARAR
FERÐATÆKI PRÁÐLAUSIR SÍMAR
MAGNARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
BÍLTÆKI
HÁTALARAR DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR

HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

- PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KRÓNA AFSL.
- BLU-RAY SPILARAR - VERÐ FRÁ KR. 29.995
- SPANSUÐU POTTASETT, 7 stk. - AÐEINS KR. 19.995
- POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI
- PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI
- 20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS KR. 11.995
- PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI
- HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
- PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995
- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Opið laugardaga kl. 10 - 16

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFRÖST indesit DeLonghi Whirlpool

FRÉTTIR AF FÓLKI

Á hlaupum í Pósthússtræti

Ný auglýsing fyrir haustdags-skrá Skjáseins verður frumsýnd í vikunni. Í auglýsingunni sjást meðal annars landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran, gamanleikkonan **Helga Braga** og Sölvi Tryggvason hlaupa á harða spretti eftir Pósthússtrætinu, en öll stýra þau þáttum sem sýndir verða á stöðinni. Helga Braga fer með hlutverk í nýjum gamanþætti, Hæ Gosi, sem sýndur verður á stöðinni í haust. Hrefna Rósa mun aftur á móti halda uppteknum hætti í haust og kenna landanum að elda gómsæta rétti. Við tökum á auglýsingunni á einn óheppinn leikari hafa lent í því hlutverki að vera ýtt aftur og aftur af Helgu Braga þegar hún hljóp framhjá honum. Þetta atriði mun ekki hafa verið í upphaflegu handriti auglýsingarinnar heldur óvæntur spuni frá Helgu sem þótti heppnast svona vel.



Velgengni á tiskuviku

Íslensk hönnun vakti mikla og góða athygli á nýafstaðinni tiskuviku í Kaupmannahöfn. Þau merki sem tóku þátt að þessu sinni voru Kron by KronKron, Royal Extreme, Kurl, Andersen og Lauth, E-label, Birna og Sonja Bent. Margir voru að taka þátt í viðburðinum í fyrsta sinn en danska tiskuvikan er sú stærsta á Norðurlöndunum. Erlendir fjölmiðlar sýndu íslensku fata-merkjunum athygli og má því búast við að íslensk fata-merki verði að finna í búðum um allan heim á næstu misserum.



- sm, áþ

Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Fannst látinn með stungusár
- 2 Morðinginn ófundinn
- 3 „Stjórnmalastéttin er óhæf og spillt“
- 4 Konan fannst látin
- 5 Íhuga að gefa börnunum kók vegna vatnsskorts
- 6 Átta létust þegar kappakstursbíreið var ekið á hóp áhorfenda

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

SUZUKI

Skynsemi, sparneytni - ánægja!



Way of Life!



Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrifinn fólkubíll í millistærðarflokki frá Suzuki.

Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km



Söluhæsti fólkubílinn á Íslandi árið 2009

SUZUKI SWIFT

Beinskíptur, sjálfskíptur, 4x4
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km



Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009

SUZUKI GRAND VITARA

Verð frá kr. 4.520 þús., bensin/beinskíptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



Nýr SX4 Sportjeppingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskíptur



Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskíptur.



Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.

Handskíptur, sjálfskíptur

Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskíptur.



Alto. Sparneytinn borgarbil sem fær frítt í stæði í miðbænum!
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskíptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS